Ari Klængur Jónsson	A Critical Analysis: The Icelandic Immigration Control Policy – Selecting immigration in modern Iceland	2008	M.S. verkefni í stjórnmálafræði, Social Science Research Methods, University of Bristol	75 bls. Bristol	innflytjendur vinnumarkaður efnahagsmál erlent vinnuafli stefna stjórnvalda	Markmið: Að rannsaka og greina "innflytjenda-hafta-stefnu" íslenskra stjórnvalda. Spurningarnar sem reynt er að svara í ritgerðinni eru annars vegar afhverju hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur aukist eins mikið og raun ber vitni á síðasta áratuginum og hinsvegar hvaða þættir það eru sem ráða þjóðerni þeirra sem 'fá' að setjast hér að. Niðurstaða ritgerðarinnar er í megin dráttum sú að mikill fjöldi innflytjenda á Íslandi skýrist af efnahagsástæðum og eftirspurn vinnumarkaðarins eftir vinnuafli. Hverjir það eru sem fá að setjast að á Íslandi ræðst af stefnu og eðli ESB en með samþykki Íslenskra stjórnvalda, sem í raun marka sér ekki sína eigin stefnu sem slíka. Stefna stjórnvalda er í kjarnann laissez faire stefna – 'afskiptaleysis-stefna' – sem byggir fyrst og fremst á regluverki ESB
Ari Klængur Jónsson	Áhrif innflytjenda á íslenskan vinnumarkað	2005	B.A. verkefni í stjórnmálafræði, HÍ	45 bls. Reykjavík	Ísland innflytjendur vinnumarkaður	
Ari Klængur Jónsson Elsa Arnardóttir	Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og/eða innflytjendur á Íslandi	2011	Skýrsla (Vinnuskrýsla)	23 bls. Ísafjörður: Fjölmenningssetur http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraedilegar-upplýsingar-um-erlenda-rikisborgara-a-Islandi-f-vef.pdf	innflytjendur erlendar ríkisborgarar vinna skóli búferlaflutningar	
Ari Páll Kristinsson	Sprogdekleration, sprogkultur og parallelsproglighed	2009	Grein	Í Språk i Norden, 45-51.	Íslenska málstefna tvítýngi	
Ambjörg Eiðsdóttir	Stoðir- fræðsla fyrir erlenda foreldra	2011	Grein	Í Glæður 20(1), 18-19	stuðningshopar nýbúar	
Arthur Löve	Smitsjúkdómar hjá innflytjendum	2006	Grein	Reykjavík. Læknablaðið, 2006; 92 (10), 667. http://hdl.handle.net/2	smitsjúkdómar innflytjendur	Í þessu hefti Læknablaðsins birtist athyglisverð grein "Lifrabólga af völdum lifrabólguveira B og C hjá innflytjendum á Íslandi". Er þar fjallað um greiningu lifrabólguveiranna tveggja á árunum 2000-2002 hjá einstaklingum sem sóttu um dvalarleyfi hérlendis og voru frá löndum utan EES. Ekki er krafist læknisskoðunar hjá þeim sem koma frá löndum innan EES og voru

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				336/8031		Því ekki með í þessari athugun. Niðurstöður voru flokkaðar eftir upprunasvæði umsækjanda og aldri. Þær komu ekki á óvart þar sem svipaðar rannsóknir hefur verið gerðar á Norðurlöndum og víðar, en alltaf er fróðlegt að sjá niðurstöður athugana á heimavelli. Það vekur athygli að af skráðum nýgreindum lífrabólguveiru B sýkingum á Íslandi á tímabilinu voru um 57% þeirra dvalarleyfissúskjendur og einnig yfir 10% skráðra lífrabólguveiru C sýkinga.
Atli Hafþórsson	Stoltir eyjaskeggjar?: tengsl menningar og viðhorf við þjóðemisstolt unglinga í evrópskum eyjasamfélögum	2009	B.A. verkefni, Hug- og félagsvísindasvið HA	42 bls. Akureyri http://skemman.is/stream/get/1946/3183/8183/2/eyjaskeggjar_fixed.pdf	unglingar þjóðemisvitund fjölmenning	Hnattvæðing undanfarinna áratuga hefur orðið þess valdandi að fólk af ólíku þjóðemi er víða í viðvarandi náð. Fjölmenning hefur rutt sér til rúms í áður rötgrónum menningarsamfélögum og víða hafa orðið grundvallar breytingar á félagsgerð og menningu þjóðfélaga. Í þessari rannsókn eru áhrif menningar og viðhorfa á þjóðemisstolt könnuð meðal 15–16 ára unglinga í fjórum evrópskum eyjasamfélögum; Kýpur og Möltu í Miðjarðarhafi og Færeyjum og Íslandi í Norður-Atlantshafi. Gögnin sem unnið er með eru fengin úr evrópsku vímuefnarannsókninni og ná til alls 14.070 eyjaskeggja. Gerð var aðhvarfsgreining á forspárþáttum þjóðemisstolts þar sem öll samfélögin voru tekin saman í eitt líkan. Til frekari samanburðar á áhrifum ólíkra forspárþátta voru jafnframt gerðar aðhvarfsgreiningar fyrir hvert samfélag fyrir sig. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að unglingar í Norður-Atlantshafi búa yfir meira þjóðemisstolti en unglingar í Miðjarðarhafi. Strákar eru marktækt stoltari en stelpur á Miðjarðarhafseyjum á meðan ekki er slíkur kynjamunur á Norður-Atlantshafseyjum. Á Möltu einni hefur efnahagsleg staða fjölskyldunnar áhrif á þjóðemisstolt. Aukinn stuðningur foreldra spáir alls staðar fyrir um auknið þjóðemisstolt og aðeins í Færeyjum mælist stuðningur vina ekki hafa áhrif á stolt unglínganna. Reynslan af því að hafa búið erlendis og fyrirætlanir um flutninga af landi brott til frambúðar spá fyrir um minna þjóðemisstolt. Unglingar á Miðjarðarhafseyjum samsama sig frekar landssvæðinu sem þeir búa á og jafnframt í ríkari mæli Evrópu í heild. Þessir þættir spá fyrir um minna þjóðemisstolt. Rannsóknir hafa bent til þess að á tímum alþjóðavæðingar og Evrópusamruna kunni samsömun við einstök landssvæði og um leið álfuna í heild að koma í vaxandi mæli í stað samsömunar við einstök þjóðríki og þjóðerniskennnd. Þessi rannsókn bendir til þess að slík þróun sé líklegri til að vera að eiga sér stað meðal ungs fólks á Miðjarðarhafseyjum. Meðal eyjaskeggja í Norður-Atlantshafi mælist samsömun við eyjuna í heild hins vegar sterkari og þjóðemisstolt jafnframt meira. Samspil þessara þátta er hins vegar margþætt og þarfnast frekari rannsókna.
Atli Hilmarsson	Úthlutun Nýja testamentsins í grunnskólum: æskilegt eða óæskilegt	2009	B.Ed. verkefni, Hug- og félagsvísindasvið, HA	47 bls., Akureyri http://skemman.is/stream/get/1946/3152/8213/1/ritg_ASH_2009_fix	grunnskólar kristnifræði fjölmenning	Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf skólajórnara og kennara til dreifingar Nýja testamentsins í grunnskólum á Íslandi og hve æskilegt það sé m.a. í ljósi breyttra þjóðfélagslegra aðstæðna á síðustu árum og misserum. Einnig var kannað hvort viðhorf hefði breyst með tilliti til vaxandi

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				ed.pdf		fjölmennningar hér á landi og hvort það þætti við hæfi að gefa Nýja testamentið þeim nemendum sem hafa annan trúarlegan bakgrunn heldur en kristinn. Rannsóknaraðferðin var megindleg (quantitative descriptive research) þar sem notaður var spurningalisti við öflun upplýsinga. Þátttakendur í rannsókninni voru 39 skólastjórar og kennarar 5. bekkjar í níu grunnskólum á Akureyri og nágrenni. Niðurstöður sýna jákvætt viðhorf þátttakenda til dreifingar Nýja testamentisins í grunnskólum. Um 82% voru fylgjandi því að Gídeonfélagið fái að koma í grunnskóla og gefa nemendum Nýja testamentið. Einnig kom í ljós að viðhorf 85% svarenda höfðu ekki breyst til þessarar úthlutunar á s.l. 10-15 árum og 75% telja rétt að afhenda Nýja testamentið í bekkjum þar sem nemendur hafa misjafnan trúarlegan bakgrunn. Hins vegar lesa 72% sjaldan eða aldrei í Nýja testamentinu. Skoðanir voru ekki eins afgerandi varðandi það hvort leyfa ætti öðrum trúfélögum að dreifa sínum höfuðritum eða hvort endurskoða ætti dreifingu Nýja testamentisins.
Auðbjörg Ólafsdóttir	Alþjóðakerfið og flóttamannavandinn	2003	B.A. verkefni í stjórnmálafræði, HÍ	66 bls. Reykjavík	flóttafólk	
Auðna Ágústsdóttir	Gratitude growing from overcoming difference: a phenomenological hermeneutic study of the lived experience of Filipino patients at Landspítali-National University Hospital in Iceland	2007	M.S. verkefni: A dissertation submitted in part fulfilment of the degree of Master of Science in Nursing, The Royal College of Nursing Institute, London	Akureyri	hjúkrun sjúklingar innflytjendur siðvenjur	
Auður Arna Antonsdóttir, Ásdís Valsdóttir	Íslensk börn sem búið hafa erlendis og staða þeirra í íslenskum grunnskólum	2008	B.Ed. verkefni í kennarafræði og íslensku, KHÍ http://skemman.is/stream/get/1946/1487/5429/2/Lokaverkefni til B.Ed gr%C3%A1%C3%B0u vi%C3%B0 KH%C3%8D.pdf	41 bls. Reykjavík	Íslendingar grunnskólanemar tvítyngi snúbúar	Í ritgerðinni munum við beina sjónum okkar að íslenskum börnum sem eiga báða foreldra íslenska og búið hafa erlendis. Við munum skoða stöðu þeirra eftir að þau flytja til Íslands og hefja nám í grunnskólum landsins. Þessi börn kölluðum við snúbúa. Ýmsar tölulegar upplýsingar sem tengjast skólamálum snúbúa voru skoðaðar sem og lög og reglugerðir. Einnig kynntum við okkur hvernig staðið væri að málefnum snúbúa í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Við vinnu ritgerðarinnar kom í ljós að hvergi var minnst á snúbúa í lögum og reglugerðum og mikið vantaði upp á aðstoð og skilning á því að mörg þessara barna þurftu á hjálp að halda og ættu við raunverulegan vanda að stríða. Misjafnt var hver staða þessara barna var og margt gat spilað þar inn í. Vakin var athygli á hvað allir þeir sem að málefnum snúbúa koma geta gert til þess að hjálpa og lausnir til úrbóta reifaðar.

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Auður Birna Stefánsdóttir	Knúið á lokaðar dyr: Sameiginleg hælissstefna Evrópusambandsins	2008	M.A. verkefni í alþjóðasamskiptum,HÍ	Reykjavík	hælisleitendur Evrópa flóttafólk mannréttindi	
Auður Hanna Ragnarsdóttir, Elfar Reynisson	Velkominn sértu vinur!: Er til móttökuferli fyrir nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum?	2008	B.Ed. verkefni við kennaradeild HA	54 bls. Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/1666/4335/1/velkominn_sertu_vinur_-_heild.pdf	grunnskólar nýbúar innflytjendur tvítyngi Vestfirðir	Verkefni þetta er unnið sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2008. Verkefninu er ætlað að svara þeirri spurningu hvort til sé móttökuferli fyrir nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum. Kennsla nemenda af erlendum uppruna er sífellt veigameiri þáttur í starfsemi grunnskóla. Því skiptir verulegu máli að rétt sé haldið á málum við móttöku þessa nemendahóps og skipulagningu náms þeirra. Það er í höndum skólanna að efla kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál með því að samhæfa íslenskukennsluna við aðrar námsgreinar. Markmiðið með því er að nemendur geti náð þekkingar-, færni- og viðhorfamarkmiðum hvernar greinar fyrir sig. Í verkefninu beittum við megindlegum rannsóknaraðferðum. Spurningarlistar voru lagðir fyrir sex skólastjóra á norðanverðum Vestfjörðum sem gáfu okkur upplýsingar um bakgrunn skólanna, samstarf heimila og skóla og náms- og félagslegar aðstæður nemenda af erlendum uppruna. Fyrst fjöllum við á fræðilegan hátt um þróun samfélagsins, aðlögun innflytjenda, viðhorf íbúa, fjölmenningu og menntun. Þá er greint frá spurningarlistum og samantekt úr þeim og að endingu greinum við frá niðurstöðum okkar ásamt því að setja fram okkar framtíðarsýn á móttöku nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum. Helstu niðurstöður okkar eru að til sé móttökuferli fyrir nemendur af erlendum uppruna í flestum grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum.
Auður Jónsdóttir, Óttar Martin Norðfjörð (ritstjórar)	Íslam með afslætti	2008	Bók	188 bls. Reykjavík Nýhil	Íslam trúarbrögð trúarhreyfingar trúardeilur innflytjendur	
Auður Sjöfn Þórisdóttir, Ingunn S. Unnsteinsdóttir	Tengsl menningar- og kynþáttabundinnar félagsmótunar við líðan, sjálfsálit, námsárangur og virkni í tómstundum hjá börnum innflytjenda	2011	B.S. verkefni, Heilbrigðisvísindasvið HÍ	63 s. Reykjavík, http://skemman.is/stream/get/1946/6129/17528/1/BS-ritger%C3%B0_%C3%AD_s%C3%A1lfr%C3%A6%C3%B0i.pdf	félagsmótun innflytjendur börn tómstundaiðja	Markmið með rannsókninni var að athuga tengsl menningar- og kynþáttabundinnar félagsmótunar við líðan, sjálfsálit, námsárangur og virkni í tómstundum hjá börnum sem eru innflytjendur á Íslandi. Menningar- og kynþáttabundin félagsmótun eru skilaboð um þjóðerni, uppruna, menningu, kynþátt og fleira sem foreldrar miðla til barna sinna. Tengsl hafa fundist milli þessara skilaboða og ýmissa þátta sem tengjast velferð barnsins. Tilgátur rannsóknarinnar eru fimm. Tilgáta 1 er að börnum sem fá mikla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun líður betur en þeim sem fá litla eða enga menningar- og kynþáttabundna félagsmótun. Tilgáta 2 er að börnum sem fá

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						mikla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun finnst skemmtilegra í skólanum en þeim sem fá litla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun. Tilgáta 3 er að jákvætt samband er á milli menningar- og kynþáttabundinnar félagsmótunar og sjálfsálits barna. Tilgáta 4 er að börn sem fá mikla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun eru með hærri einkunn í stærðfræði en þau sem fá litla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun. Tilgáta 5 er að börn sem fá mikla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun eru virkari í tómstundum sínum en þau sem fá litla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun. Tilgátu 3 var studd, sjálfsálit barna sem fengu mikla menningar- og kynþáttabundna félagsmótun var meira en þeirra sem fengu litla. Tilgátur 1, 2, 4 og 5 voru ekki studdar.
Águsta Stefánsdóttir	Global perspectives in upper secondary schools in Iceland	2010	M.A. verkefni, Háskólinn í Osló	91 bls., Osló	framhaldsskólar menntakerfi skólaþróun hnattvæðing fjölmenning Ísland	
Ágústa Rós Árnadóttir	Danska amma mín: Einsögunarrannsókn á lífi danskrar konu í íslensku umhverfi á 20. öld	2007	B.A. verkefni í sagnfræði, HÍ	91 bls. Reykjavík	konur einsaga innflytjendur	
Álfheiður Haraldsdóttir, Helga Pálmadóttir	Innflytjendur, mat á heilsufari og þvermenningarlegri hjúkrun	2003	B.S. verkefni í hjúkrunarfræði, HÍ	63 bls. Reykjavík	heilsufar hjúkrun innflytjendur	Fræðileg úttekt og upplýsinga aflað af gagnasöfnum. Upplýsinga aflað um heilsufarsástand þriggja algengustu innflytjendahópanna sem búsettir eru á Íslandi og eru ekki frá V-Evrópu eða Bandaríkjunum. (Póllandi, fyrrum Júgóslavíu og Filippseyjum) Markmið: Að meta heilsufar innflytjenda og þvermenningarlega hjúkrun. Rannsóknarspurningar: - Hver eru helstu heilsufarsvandamál innflytjenda frá Póllandi, fyrrum Júgóslavíu og Filippseyjum? - Hvaða gildi hafa heilsufarsupplýsingar innflytjenda fyrir þvermenningarlega hjúkrun innan heilsugæslunnar? Hver er stefna Heilsugæslu Reykjavíkur í móttöku innflytjenda og þvermenningarlegri hjúkrun? Helstu ályktanir eru þær að heilbrigðisþjónusta hér á landi þarf að vera sýnilegri og aðgengilegri fyrir innflytjendur og marka þarf stefnu heilsugæslunnar betur í málefnum þeirra.
Álfrún Sigurgeirsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir	Polish construction workers in Iceland- Right and perception of inequalities at building sites	2011	Grein/ Greinasafn	Reykjavík. Rannsóknir í félagsvísindum XII: félagsvísindadeild, 8-	innflytjendur Pólverjar atvinna vinnumarkaður	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				14.	jafnrétti	
Árni Steinar Stefánsson	Erlent vinnuafli í íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum	2008	B.S. verkefni í ferðamálafræði, HÍ	78 bls. Reykjavík	erlent vinnuafli ferðaþjónusta innflytjendur íslenskukunnátta	
Ása Kolbrún Hauksdóttir	Konur eru konum bestar : mikilvægi stuðnings við konur af erlendum uppruna	2008	B.A. verkefni í mannfræði, HÍ	30 bls. Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/3369/10512/1/Asa_Kolbrun_Hauksdottir_fixed.pdf	mannfræði konur innflytjendur fólksflutningar (félagsfræði) fjölmenning Ísland	Aðalmarkmið þessarar B.A.-ritgerðar er að skoða hvort stuðningur kvenna af innlendum uppruna við konur af erlendum uppruna hafi áhrif á bætt lífsgæði og aðgengi þeirra að samfélaginu á Íslandi. Konur eru um helmingur flytjenda í heiminum og eiga þær á hættu að verða félagslega einangraðar, meðal annars vegna þeirra starfa sem þær vinna. Skoðað verður hvert fólk flytur og hvaðan, hverjir flytja og hvaða áhrif það hefur á fólk. Lítið verður á hvert kynjahlutfall flytjenda er. Ákvörðun um að flytjast milli landa er oft mjög stór og skoða þarf alla möguleika, hvernig sé best að flytja á sem öruggastan og hagkvæmasta hátt. Til að varpa ljósi á þessi viðfangsefni ritgerðarinnar verða fyrst tekin fyrir nokkur hugtök og kenningar sem tengjast fólksflutningum. Í fyrsta kafla verður fjallað stuttlega um sögulegar staðreyndir fólksflutninga og hvað hefur haft áhrif á fjölda fólks á faraldsæti. Einnig verður hnattvæðing skoðuð og hvernig hún tengist fólksflutningum. Þverþjóðleg tengsl verða skilgreind og áhrif þeirra á búsetu og líf fólks. Aðlögun og samlögun verða skoðuð og í hvaða farveg fólk getur farið þegar það er flutt í nýtt samfélag. Í öðrum kafla verður farið yfir ástæður þess að fólk flytur milli landa og ferlið sem það fer í gegnum bæði áður en það flytur, þegar það er á ferðinni og að lokum á áfangastað. Að flytja í nýtt land getur haft mikil áhrif á sálarlíf fólks, skoðuð verða áhrifin sem þetta hefur á sjálfsmynd fólks og menningu í þriðja kafla. Það blasir við að þar sem markmið ritgerðarinnar er að skoða líðan og aðlögun kvenna sem flytjendur, verður fjallað sérstaklega um flutninga kvenna í heiminum, ástæður fyrir því að þær flytja og hlutfallið á milli kynjanna. Roni Berger er prófessor í félagsráðgjöf við Adelphi Háskólann í Bandaríkjunum. Hún hefur mikið unnið með innflytjendakönunum og nota ég bók hennar Immigrant Women tell their Stories í þessari ritgerð. Á síðustu árum hefur íslenskt samfélag breyst frá því að vera frekar einsleitt samfélag í það að verða fjölmenningarsamfélag og hafa þessar breytingar gerst á stuttum tíma. Í lokakaflanum verður fjallað um Ísland í tengslum við fjölmenningu og fólk sem hefur flutt hingað og hvað það gerir hér. Einnig verður staða erlendra kvenna á Íslandi skoðuð, stuðningur við þær og hvort sá stuðningur hafi áhrif í aðlögun þeirra að samfélaginu. Sagt verður frá sögu, framkvæmd og aðferðafræði verkefnisins Félagsvinur – mentor er máli. Það er rekið af Garðabæjardeild Rauða kross Íslands og hefur það að markmiði að tengja erlendar og íslenskar konur á

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						jafningjagrundvelli þar sem báðar geta lært af hvor annarri, en þetta er afar mikilvægur liður í því að rjúfa félagslega einangrun og opna leiðir inn í samfélagið.
Ása Valdís Gísladóttir	Hver tilheyrir Evrópu? : lagaleg og samfélagsleg staða múslima og Róma-fólks í Frakklandi	2011	M.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	95 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/7949/20717/1/MA_ritger%C3%B0.pdf	Evrópusambandið Frakkland Múslimar Sígaunar réttarstaða kynþáttamismunun minnihlutahópar	Í verkefninu er varpað ljósi á lagalega og samfélagslega stöðu múslima og Róma-fólks í Frakklandi. Hugtökin kynþáttahygga, vald/forréttindi, fjölmenning og hnattvæðing eru sett í samhengi við stöðu og viðhorf í garð minnihlutahópa í Evrópu. Auk þess er skoðað hvort raunverulega sé til staðar evrópsk sjálfsmynd og hvers vegna erfitt hefur verið að ákvarða hvað í henni felst. Löggjöf varðandi bann við mismunun innan ESB og í Frakklandi er könnuð, auk þess sem samfélagsleg staða minnihlutahópa er skoðuð út frá aðgengi þeirra að atvinnu, húsnæði og menntun. Meginniðurstöður ritgerðarinnar eru að kynþáttahygga hefur ýtt undir fordóma og neikvætt viðhorf í garð minnihlutahópa eins og múslima og Róma-fólks, sem hefur haft afgerandi áhrif á jaðarstöðu þeirra í evrópskum samfélögum. Sérstaklega er undirstrikað að jafnvel þó evrópsk samfélög einkennist af mikilli fjölmenningu sé kynþáttahygga og andúð í garð þeirra hópa sem eru menningarlega og útlitslega framandi algeng. Auk þess fela niðurstöður ritgerðarinnar í sér að núverandi samfélagsgerð geri það að verkum að ákveðinn hópur, hinn hvíti kynstofn, njóti forréttinda á kostnað annarra hópa og hafa slík forréttindi haft áhrif á jaðarstöðu minnihlutahópa í Evrópu.
Ásdís G. Ragnarsdóttir, Jón Karl Árnason, Matthías Þorvaldsson	Viðhorf til nokkurra minnihlutahópa. Viðhorfsrannsókn júlí – ágúst 2005	2005	Könnun Gerð af IMG Gallup	17 bls. Reykjavík. Unnið fyrir Rauða kross Íslands. http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1039083/vidhorfsrannsókn.pdf?wosid=fal	innflytjendur viðhorf	Þátttakendur: 1350 manns á öllu landinu, 16-75 ára, handahófsvalið. Markmið: Að kanna viðhorf og hegðun gagnvart mismunandi hópum.
Ásdís María Elfarsdóttir	Hér lifi ég eðlilegu lífi: Pólskir innflytjendur á Íslandi	2006	M.A. verkefni í mannfræði, HÍ	133 bls. Reykjavík	innflytjendur fólksflutningar mannfræði Ísland Pólværjar	
Ásdís María	Einhversstaðar í öllu þessu grjóti á ég	2003	B.A. verkefni í	50 bls.	mannfræði	Fólksflutningar til Þýskalands og innflytjendur þar.

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Elfarsdóttir	heima : Um fólksflutninga og stöðu innflytjenda í Þýskalandi		mannfræði, HÍ	Reykjavík	fólksflutningar atvinnubátttaka Þýskaland innflytjendur	Kaflaheiti: • Kenningarleg umfjöllun • Fólksflutningar til V-Evrópu Fólksflutningar til Þýskalands • Innflytjendur í Þýskalandi • Viðbrögð Evrópu
Ásta Pálmadóttir, Hrafnhildur Una Guðjónsdóttir	Fjölskyldur af erlendum uppruna í nýju samfélagi	2004	B.Ed. verkefni við grunndeild KHÍ	41 bls. Reykjavík	fjölskylda tvítyngi fjölmennningarleg kennsla leikskólastarf	
Ásta Þorsteinsdóttir	Erlendir ríkisborgarar á Íslandi og atvinnubátttaka þeirra	2005	B.A. verkefni í félagsfræði, HÍ	54 bls. Reykjavík	Ísland innflytjendur vinnumarkaður atvinnubátttaka	
Ástríður Stefánsdóttir	Túlkun á læknamóttöku	2008	Grein	Reykjavík. Ritið, tímarit Hugvísindastof-nunar 2007; 7 (2-3): s. 95-111	innflytjendur sjúkdómar Ísland	
Baldur Kristjánsson	ECRI- Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum: Skýrsla til félags- og tryggingamálaráðherra	2009	Skýrsla	20 bls. ECRI http://www.velferðarra.duneyti.is/media/utgafa2010/ECRI_00102009.pdf	innflytjendur kynþáttafordómar	
Barði E. Barðason	Frjálslyndi flokkurinn og mögulegir systurflokkar hans	2007	B.A. verkefni í félagsvísindum, Háskólinn á Bifröst	29 bls. Bifröst	frjálslyndi flokkurinn innflytjendur stjórnmálaflokkar	
Bára Björk Björnsdóttir, Sigríður Gerða Guðlaugsdóttir	Lítil börn í stórum heimi: um börn af erlendum uppruna í leikskólum og starf með þeim	2006	B.Ed. verkefni við leikskólabraut KHÍ	37 bls. Reykjavík	leikskólar börn nýbúar fjölmennningarleg kennsla	
Bára Jóhannsdóttir Snæfeld	"Hinn ókunni": (gesturinn í samfélaginu)	1995	B.A. verkefni í mannfræði, HÍ	56 bls. Reykjavík	flóttafólk innflytjendur mannfræði	
Berglind Eygló Jónsdóttir	Ný- rasismi í reynd	2009	B.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	44 bls., Reykjavík	rasismi fjölmennning múslimar vestræn menning	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Berglind G. Bergþórsdóttir	Starfsmenn af erlendum uppruna hjá Reykjavíkurborg	2007	M.A. verkefni í viðskiptafræði og mannauðsstjórnun, HÍ. Úrvalsritgerð	114 bls. Reykjavík	Reykjavíkurborg innflytjendur starfsmenn vinnumarkaður erlent vinnuafli	
Berglind Guðrún Mikaelisdóttir, Guðrún Bjarkadóttir	Aðlögun og aðgengi asískra kvenna að íslensku heilbrigðisþjónustunni	1999	B.S. verkefni í hjúkrunarfræði, HÍ	118 bls. Reykjavík	heilbrigðisþjónusta innflytjendur konur	
Berglind Gunnarsdóttir, Snæfríður Þorvaldsdóttir, Unnur Björk Hjartardóttir	Í sátt? Fjölmennningarlegt samfélag og könnun á viðhorfum ungmenna til nýbúa	2002	B.Ed. verkefni í kennarafræði, KHÍ	39 bls. Reykjavík	Nýbúar viðhorf fjölmennunglingar fordómar kannanir	168 8. bekkingar í fjórum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Lagður fyrir spurningalisti Markmið: Að skoða hvort nemendur hefðu neikvæð eða jákvæð viðhorf til nýbúa, hvort þeir teldu sig hafa fengið fjölmennningarlegu kennslu og hvaða hugmyndafræði þ.e. aðlögun, samlögun, samþættingu eða einangrun þau teldu heppilegasta til að fjölmennningarlegt samfélag gangi upp. Einnig athugað hvort munur væri á viðhorfum meðal nemenda sem stunda nám við móðurskóla fyrir nýbúa og þeirra sem stunda nám við skóla sem ekki eru móðurskólar fyrir nýbúa. Einnig var munur á viðhorfum milli kynja skoðaður. Ekki er munur á milli skóla nema í spurningum um kennslu þar sem kom fram að nemendur móðurskólanna töldu sig hafa fengið meiri kennslu en nemendur hinna skólanna. Hinsvegar var marktækur munur á viðhorfum pilta og stúlkna sem leiddi í ljós að piltar hafa neikvæðara viðhorf til nýbúa og fjölmennningarlegrar kennslu en stúlkur.
Berglind Helgadóttir	Erlent vinnuafli á Íslandi og áhrif fjármálakreppunnar á stöðu þess	2009	B.S. verkefni í viðskiptafræði, HÍ	43 bls. Reykjavík	Fólksflutningar erlent vinnuafli vinnumarkaður efnahagskreppa	
Berglind Karlsdóttir	Búseta erlendra ríkisborgara á Íslandi	1996	B.S. verkefni í landafræði, HÍ	56 bls. Reykjavík	Lýðfræði útlendingar nýbúar innflytjendur Ísland búseta atvinnumál	Þátttakendur: Fólk sem hefur erlent ríkisfang og er búsett á landsbyggðinni, þ.e. annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu 16 ára og eldri. Markmið: Að kanna hvort atvinnuskipting og atvinnuleysi geti ef til vill haft áhrif á það hvernig erlendir ríkisborgarar dreifast um landið. Dreifing erlendra ríkisborgara um landið er alls ekki jöfn. Atvinnuskipting og atvinnuástand er auðveldlega hægt að tengja við búsetu erlendra ríkisborgara.

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Berglind L. Hafsteinsdóttir	Language and Power in Intercultural Communication. A qualitative case study of immigrant women's access into the Icelandic language community	2008	M.A. verkefni í samskiptafræði og millimenningarlegum tjáskiptum, háskólinn í Hróarskeldu	129 bls. Hróarskelda	innflytjendur millimenningarleg samskipti konur sjálfsmynd tungumá félagsleg tengsl	
Berglind Svansdóttir, Tomasz Pór Veruson	Nýtt upphaf: hvernig upplifa pólskir innflytjendur aðlögun á Íslandi?	2007	B.S. verkefni í viðskiptafræði, Háskólinn á Bifröst	82 bls. Reykjavík	innflytjendur Pólverjar aðlögun	
Bergþóra Kristjánsdóttir	Tvítýngi – til trafala eða framdráttar? Innflytjendur í íslenskum grunnskólum	1992	Grein	Reykjavík. Glæður [2], 13-17.	tvítýngi nýbúar grunnskólar skólastarf fjölmenning	
Bergþóra Kristjánsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir	Jafnrétti, fjölmenning og námskrár: samanburður á námskrám grunnskóla í Danmörku	2010	Grein/ Bókakafli	Í Fjölmenning og skólastarf, 39-68	námskrár jafnréttismál fjölmenning Ísland Danmörk	
Bergþóra S. Kristjánsdóttir, Lene Timm	Tvetunget uddannelsespolitik: Dokumentation av etnisk ulighed i folkeskolen	2007	Bók	287 bls. Frederiksberg: Nyt fra Samfundsvidenskaberne	tvítýngi grunnskólanemar menntastefna fjölmenning grunnskólar minnihlutahópar Danmörk	
Birgir Freyr	Samvinna til hjálpar flóttamönnum : sveitarfélögin og Rauði krossinn : "það væri óskandi að það væri hægt að aðstoða fleiri með þessum hætti...þá væri heimurinn falletur"	2010	B.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	57 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/4891/14584/2/BA-ritger%C3%B0-Birgir_Freyr_Birgisson_-_Samvinna_til_hj%C3%A1lp_ri%C3%B3ttam%C3%B6nnum.pdf	Rauða kross Íslands flóttafólk sveitarfélög félagsleg aðstoð	Í þessari ritgerð eru skoðuð viðhorf starfsmanna og sjálfbóðaliða sem sinna móttökupjónustunni sem kvótaflóttamönnum er veitt í eitt ár frá komu til Íslands. Athugað er hvort viðmælendur telji hana efla sjálfstæði og sjálfsbjargargetu þeirra en einnig er skoðað það sem betur mætti fara að þeirra mati. Tvö sveitarfélög, Akranes og Reykjavíkurborg, og Rauði krossinn voru valin til þess að taka þátt í eiginlegri rannsókn á viðhorfum til móttökupjónustu við flóttamenn. Rannsóknin fólst í ítarlegum viðtölum við viðmælendur sem voru starfsmenn sveitarfélaga og Rauða krossins en jafnframt sjálfbóðaliða Rauða krossins. Rannsóknarspurningin var eftirfarandi: Hver eru viðhorf ykkar til aðlögunar og aðstoðarinnar sem sveitarfélagið og Rauða krossinn veita kvótaflóttamönnum og er hún til þess fallin að auka sjálfstæði og

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						sjálfsbjargarviðleitni? Hvaða tillögur til úrbóta vilja fagfólk og sjálfbóðaliðar sjá við móttöku flóttamanna? Viðmælendur voru verkefnastjóri, félagsráðgjafar og kennsluráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og sjálfbóðaliðar og verkefnisstjórar hjá Rauða krossinum, en þessir aðilar komu að móttöku flóttamanna á tímabilinu árin 2005–2009. Niðurstöður sýndu að viðmælendur telja að þjónustan leiði til árangurs hvað varðar aðlögun flóttamanna inn í íslenskt samfélag og í raun þyrfti að lengja í sumum tilvikum þá aðstoð sem veitt er. Aftur á móti kom fram hjá viðmælendum áberandi ágreiningur um verkaskiptingu milli samstarfsaðila vegna skórunar á verkefnum. Einnig telja viðmælendur að þörf sé á á breyttum vinnubrögðum varðandi sálrænan stuðning og íslenskukennslu fyrir börn og unglinga kvótáflóttamanna.
Birna Arnbjörnsdóttir	Skólar og fjölskyldur sem málsamfélög	2010	Grein/ Bókakafli	Í Fjölmennning og skólastarf, 315- 336.	tvítýngi börn skólar heimið	
Birna Arnbjörnsdóttir	Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan	2007	Grein	Reykjavík. Ritið, 7 (1), 63-81.	innflytjendur Íslendingar íslenska tvítýngi	
Birna Arnbjörnsdóttir	Íslenska sem annað tungumál – handbók fyrir kennara	2000	Bók	88 bls. Reykjavík: Námsgagnastofnun	móðurmálskennsla nýbúar tvítýngi íslenska málnotkun	
Birna Gerður Jónsdóttir	Að eignast barn í nýju landi: viðhorf og reynsla erlendra kvenna af barneignarþjónustu á Íslandi	2010	M.S. verkefni, Heilbrigðisvísindasvið HÍ	167 bls. Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/4846/13897/1/MeistararitgerdL_OKA.pdf	barneignir fjölmennning fæðingarþjónusta ljósmóðirfræði	Nýbúum hér á landi hefur fjölgað hratt undanfarin ár og æ fleiri erlendar konur eru í hópi skjólstæðinga barneignarþjónustunnar sem kallar á nýjar áskoranir umönnunaraðila. Engar rannsóknir liggja fyrir um efnið hér á landi en erlendar rannsóknir sýna misgöða reynslu erlendra kvenna af barneignarþjónustu og birta vísbendingar um að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til menningarbundinna viðhorfa í umönnun. Menningarhæfni (cultural competence) er hugtak sem lagt er til grundvallar í þessari rannsókn en markmið hennar er að dýpka skilning og þekkingu á menningartengdum viðhorfum, hefðum og væntingum erlendra kvenna til barneignarferlisins og varpa ljósi á reynslu þeirra af barneignarþjónustunni. Notuð var etnógráfía sem fól í sér viðtöl við sjö erlendar konur sem fæddu börn sín hér á landi. Gögn voru greind í þrjú meginþemu: 1) Fjölskyldulíf fjarri heimahögum sem visar til aðstæðna kvennanna sem sóknuðu samfélags og tengslanets að

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						heiman. 2) Að eignast barn í nýju landi vísar til aðlögunar kvennanna og viðhorfa til barneignarferlisins sem rímaði vel við almenn viðhorf hér á landi. Sátt var við skipulag barneignarþjónustunnar en vísbendingar um einangrun og depurð eftir fæðingu. 3) Snertifletir samskipta vísar til fjölbreyttra samskipta með og án orða, með eða án túlka og var reynsla hér misgóð. Niðurstöður eru í takt við erlendar rannsóknir og sýna almenna ánægju viðmælenda með viðmót fagfólks en gefa vísbendingar um að bæta megi barneignarþjónustuna hvað varðar fræðslu, þjónustu vegna tungumálaerfiðleika og stuðning eftir fæðingu. Samfelld ljósmæðraðjónusta virðist henta þessum hópi vel og mikilvægt að leggja áherslu á styrkingu (empowerment) kvennanna. Þekking heilbrigðisstarfsfólks á viðhorfum og reynslu erlendra kvenna á barneignarferlinu er mikilvæg til að auka skilning fagfólks á þörfum þeirra og leggja grunn að skipulagi barneignarþjónustu sem hæfir best þörfum þessa minnihlutahóps.
Birna Ruth Jóhannsdóttir	Aðlögun innflytjenda í fjölmenningarlegu samfélagi	2003	B.A. verkefni í mannfræði, HÍ	56 bls. Reykjavík	mannfræði innflytjendur fjölmenning	Að skoða hvernig aðlögun innflytjenda er háttað í fjölmenningarlegum samfélögum. Mikilvægt að minnka hættu á einangrun innflytjenda og að fordómar hafi áhrif á aðlögunarferlið. Fjölmenningarleg kennsla í grunnskólum mikilvæg sem og móðurmálskennsla fyrir innflytjendur sem skiptir höfuðmáli þegar verið er að læra nýtt tungumál.
Birna Sigþórsdóttir	Réttarstaða útlendinga á Íslandi	1993	Námsritgerð í lögfræði, HÍ	3, 113, 16 bls. Reykjavík	stjórnskipunarréttur persónuréttur útlendingar	
Björg Hjartardóttir	Handan staðalmynda: Um hlutverk kvenna í orðræðum um íslam	2008	Grein	Reykjavík. Ritíð 7 (2-3), 113-126.	innflytjendur fjölmenning konur íslam múslimar	
Björk Helle Lassen	Erlendir kennarar í grunnskólum á Íslandi	2010	Grein/ Bókakafli	Í Fjölmenning og Skólastarf, 157-182	grunnskólakennarar nýbúar fjölmenning Ísland	
Björk Helle Lassen	Í tveimur menningarheimum: Reynsla og upplifun kennara af erlendum uppruna af því að starfa í grunnskólum á Íslandi	2007	M.Ed. verkefni í uppeldis- og menntunarfræðum, KHÍ	114 bls. Reykjavík	kennarar nýbúar fjölmenning eigindlegar rannsóknir	Áhersla á fjölmenningu. Rannsóknin fjallar um hvers konar reynslu og upplifun kennara af erlendum uppruna hafa af því að kenna í grunnskólum á Íslandi
Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal,	Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli	2007	Bók	Í: Fjölmenning á Íslandi, 151-182. Reykjavík.	fjölmenning fjölmenningarstefna skóli	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Aðalheiður Steingrímsdóttir, Hulda Karen Danielsdóttir, Kolbrún Vigfúsdóttir				Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.	Ísland	
Björn Bjarnason	Hvað er Íslandi fyrir bestu?: Safn greina um stöðu Íslands í hnattvæðingunni og tengslin við Evrópusambandið	2009	Bók	192 bls. Reykjavík, Bókauktgáfan Uglu	hnattvæðing Evrópusambandið milliríkjasamskipti Ísland	
Breiðholtsskóli og Fellaskóli	Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti	2006	Skýrsla	24 bls. Reykjavík. http://www.rvk.is/Portals/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/utgafur/grunnskolar/ymsarskyrsluogbæklingar/Greinargerog_tilloegur_starfshps_um_sk_lagoengu3.pdf	börn skóli innflytjendur frístundir Breiðholt	
Bryndís Friðgeirsdóttir	Menningarfjölbreytni á Vestfjörðum	2001	Grein	Reykjavík. Ritroð Barnaheilla 5, 71-73	fjölmennings innflytjendur nýbúar Vestfirðir	Erindi flutt á ráðstefnu um stöðu barna af erlendum uppruna hér á landi, 27. október 1999
Bryndís Guðmundsdóttir	Myndun spurnarsetninga í máltöku annars máls	2001	B.A. verkefni í almennum málvísindum, HÍ	37 bls. Reykjavík	börn máltaka setningafræði nýbúar	
Brynja Dögg Friðriksdóttir	Líf í nýju landi - Júgóslavneskir flóttamenn á Hornafirði	2002	B.A. verkefni í mannfræði HÍ	51 bls. Reykjavík	flóttafólk Hornafirður Júgóslavía mannfræði nýbúar	Viðtöl við þrjá einstaklinga og þriggja manna fjölskyldu - 17 manns, flóttamenn. Starfsmann RK- Hornafirðar og stuðningsfjölskyldu. Markmið: Að sýna fram á orsakir endaloka Júgóslavíu og tengja kenningar fræðimanna við þær og rannsaka aðlögun eins hóps júgóslavneskra flóttamanna á Hornafirði. Svo virðist sem flóttamennirnir séu almennt ánægðir með þær móttökur sem þeir fengu á Hornafirði og stuðningsfjölskyldur hafi hjálpað sumum einstaklinum að komast fyrir inn í samfélagið. Sum hver virðast vera félagslega einangruð.
Brynja Hjörleifsdóttir,	Fjölmenningsarkennsla	2007	B.Ed. verkefni við	20 bls. + geisladiskur.	fjölmennings	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Lilja Rut Rúnarsdóttir			grunndeild KHÍ	Reykjavík. http://hdl.handle.net/1946/1443	leikskólar fjölmennningarleg kennsla	
Brynjar Kristinsson	Ísland í hnattvæddum heimi	2007	B.A. verkefni í hagfræði við HÍ Úrvalsritgerð	68 bls. Reykjavík	hnattvæðing alþjóðaviðskipti fólksflutningar Ísland	
Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir	Fjölmennning og þróun skóla	2010	Grein/ Bókakafli	Í Fjölmennning og Skólastarf, 17-37	skólar fjölmennning skólastjórnun	
Cahterine Enyonam Sævarsson	Social adjustment of African children in Icelandic compulsory schools	2011	B.A. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	46 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/9581/21907/1/Social_Adjustment_of_African_Children_in_Icelandic_Compulsory_Schools.pdf	nýbúar grunnskólar tungumálakennsla	In Icelandic compulsory schools, all nationals are supposed to take teaching instructions in Icelandic. Article 16 of the National Curriculum guide, Compulsory School Act (2008) states that – Pupils whose mother tongue is not Icelandic are entitled to instruction in Icelandic as second language. The aim of this objective is to empower immigrant children to study and become active participants in Icelandic community. Does the culture of African children serve as a hindrance to adjusting socially in the school? Significantly, this study looks into the factors such as Icelandic proficiency, peer relationships, weather, food, family relationships, and school experiences. Furthermore, the study would explore theories of migration, types of migration, purpose of migration, culture and identity. Five immigrant children from Africa have participated in this study. The participants include two current and three past students from different Icelandic compulsory schools. Suggestions are made to recover the situation while I will drawing the conclusions that “ African children can adjust socially well in Icelandic schools, and can contribute even more positively if they are given extra attention in schools in regards to language, to breaking the cultural barrier between them and the native children. In addition, through positive motivation they will acquire the knowledge and the skills to interact meaningfully with other children as well as other people in their new environment . It is very essential to offer citizenship education to all students, including compulsory schools in multicultural society like Iceland.
Capacent Gallup	Ísland sem fjölmenningsamfélag	2006	Skýrsla. Viðhorfsskönnun	Reykjavík	fjölmennning innflytjendur viðhorf	
Catherine Enyonam Sævarsson	Social adjustment of African children in Icelandic compulsory schools	2011	B.A. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	46 bls., Reykjavík	nýbúar grunnskólar tungumálakennsla stuðningur	In Icelandic compulsory schools, all nationals are supposed to take teaching instructions in Icelandic. Article 16 of the National Curriculum guide, Compulsory School Act (2008) states that – Pupils whose mother tongue is not Icelandic are entitled to instruction in Icelandic as second language. The aim of this objective is to empower immigrant children to study and become

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						active participants in Icelandic community. Does the culture of African children serve as a hindrance to adjusting socially in the school? Significantly, this study looks into the factors such as Icelandic proficiency, peer relationships, weather, food, family relationships, and school experiences. Furthermore, the study would explore theories of migration, types of migration, purpose of migration, culture and identity. Five immigrant children from Africa have participated in this study. The participants include two current and three past students from different Icelandic compulsory schools. Suggestions are made to recover the situation while I will drawing the conclusions that "African children can adjust socially well in Icelandic schools, and can contribute even more positively if they are given extra attention in schools in regards to language, to breaking the cultural barrier between them and the native children. In addition, through positive motivation they will acquire the knowledge and the skills to interact meaningfully with other children as well as other people in their new environment . It is very essential to offer citizenship education to all students, including compulsory schools in multicultural society like Iceland.
Cecilia Foelsche Polo og Guðbjörn Birna Jónsdóttir	Málörvun tvítýngdra barna í leikskóla: handbók fyrir leikskólakennara og leiðbeinendur	2011	B.Ed. verkefni+ hangbók Menntavísindasvið HÍ	49 bls., Reykjavík Heildartexti lókaður	málörvun tvítýngi leikskólabörn	Í lokaverkefni okkar fjöllum við um leiðir til að efla málörvun tvítýngdra barna í leikskóla. Við leggjum áherslu á að málörvun barnanna fari fram inn á deildum þeirra og að allt starfsfólk leikskóla geti tekið þátt í henni.
Chan Sam Si Daniith	The legal status of immigrants under international law	2005	Lokaverkefni (LL.M.) í lögfræði, HÍ	155 bls. Reykjavík	þjóðaréttur innflytjendur	
Cynthia Trililani	Staðalímyndir asískra kvenna á Íslandi og endurspeglun þeirra í bókmenntum og kvikmynd	2009	B.A. verkefni Hugvísindadeild HÍ	48 bls. Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/4036/11682/3/Cynthia_fixed.pdf	staðalímyndir Asia innflytjendur konur bókmenntir fordómar kvikmyndir Ísland	Tilgangur þessarar ritgerðar er að kanna staðalímyndir asískra kvenna á Íslandi og endurspeglun þeirra í kvikmynd og bókmenntum. Einnig eru skoðaðar fræðilegar rannsóknir og umfjöllun um asískar konur eins og hún birtist í íslenskum fjölmiðlum. Til að lesendur geti betur áttað sig á þeim, er fjallað um alþjóðalega búferlaflutninga kvenna frá Austurlöndum til Vesturlanda og skilgreiningar á fordómum og staðalímyndum. Konur er ávallt ætlað að framfylgja margþættum skyldum sínum sem eiginkonur og mæður og haga sér samkvæmt væntingum samfélagsins. Þess vegna er nauðsynlegt að fjalla í upphafi ritgerðar um eðli kvenna, kynhlutverk, kenningar og hugmyndir um konur í karlavelðissamfélögum. Þar er stuðst við kenningar frá Aristótelesi, John Stuart Mill, Harriett Taylor Mill og Simone de Beauvoir. Einnig er hugað að sköpunarsögu kvenna úr Biblíunni og væntingum samfélagsins til kvenna í fornum samfélögum, t.d. í gamla assýríska ríkinu, islömskum samfélögum, fornum taílenskum bókmenntaritum og evrópskum samfélögum miðalda. Í lokin eru greindar asískar kvennalýsingar og staðalímyndir þeirra í skáldsögunni Annað líf (2000) eftir Auði Jónsdóttur, smásögunni „Sagan af Svarra víkingi og Song Yong“ (1992) eftir Böðvar Guðmundsson og kvikmyndinni Maður eins og ég (2002) í leikstjórn Róberts Inga Douglass.

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						Svo virðist sem staðalímyndir asískra kvenna séu fastmótaðar í íslensku samfélagi, hvort sem er í raunveruleikanum, fjölmiðlum, bókmenntum og kvikmyndum og hafa þær áhrif á daglegt líf asískra kvenna sem hér búa.
Daðey Ingibjörg Hannesdóttir	Nemendur með annað móðurmál en íslensku: fræðileg umfjöllun og hagnýtar upplýsingar	2008	B.Ed. verkefni við grunnskólabraut KHÍ	29 bls. Reykjavík.	skóli móðurmálskennsla tvityngi nýbúar máltaka	Er í lagi að ýta móðurmáli nemanda til hliðar þegar hann flytur til nýs lands og hefur þar skólagöngu og einblína á nýja tungumálið sem tilheyrir nýja landinu? Ýmsar skilgreiningar hafa komið fram á hugtakinu móðurmál en oft er um að ræða það tungumál sem einstaklingur lærir fyrst, er honum tamast og talað er á heimili hans. Rannsóknir sýndu að farsælast var að stuðla að virku tvityngi. Virkt tvityngi er þegar báðum málum er viðhaldið. Virkt tvityngi hefur góð áhrif á vitsmunaproska. Einstaklingur með góðan vitsmunaproska á auðveldara með nám. Margar rannsóknir sýndu fram á mikilvægi góðrar móðurmálskunnáttu. Því betri grunn sem einstaklingur hefur á móðurmáli sínu því fljótari er hann að tileinka sér annað tungumál. Einstaklingar sem missir niður færni í móðurmáli sínu getur stoppað í málproska. Það að efla og viðhalda móðurmáli hvers nemanda skapar jafnrétti til náms.
Daði Runólfsson	Ögrandi sýnileiki : jaðarhópar innan Evrópusambandsins	2011	M.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	108 bls., Reykjavík Heildartextur lokaður	Evrópusambandið alþjóðarstofnanir mannréttindi kynhneigð Sigaunar minnihluthópar	Með samruna stjórnsýslu Evrópuríkja á grundvelli Evrópusambandsins hafa málefni sem áður voru í höndum stjórnvalda ríkjanna færst í auknum mæli til alþjóðastofnana. Mannréttindi hópa sem eiga sér sögu útskúfunar og fordóma í sinn garð hafa án vafa aukist undanfarna áratugi. Hér verður litið til þeirra aðstæðna sem annars vegar rómafolk og hins vegar samkynhneigðir, tvikynhneigðir og transgender-fólk býr við í Evrópusambandinu. Orðræða stjórn mála- og embættismanna um mannréttindi þessara ólíku hópa verður borin saman við þau lagalegu réttindi sem sett hafa verið og stjórnvöldum aðildarríkjanna er gert skylt að fylgja. Orðræðugreining gefur nýja og dýpri sýn á það raunverulega viðhorf sem sumir áhrifamenn innan stjórnmála aðildarríkjanna og innan stofnana Evrópusambandsins hafa í garð hópanna. Nauðsynlegt er að máta orðræðuna við þá mótunarpætti sem hafa skapað evrópska lýðræðishefð og hugsunarhátt. Hér verða heimsborgaralegar kenningar (e. cosmopolitan theory) lagðar til grundvallar nánari útskýringa á togstreitu milli mannréttindahefðar og raunverulegra aðstæðna innan Evrópusambandsins ásamt rótgrónum hugmyndum um þjóðerni, þjóðernishópa og ólíka eiginleika fólks eftir uppruna og kynhneigð. Meginniðurstöður eru að nauðsynlegt sé fyrir Evrópusambandið að fylgja með festu eftir þeim mannréttindaákvæðum sem samþykkt hafa verið og aðildarríkjunum ber að virða. Ummæli einstakra stjórn mála- og embættismanna í Evrópu gefa til kynna að bættar félagslegar aðstæður ólíkra jaðarhópa verði ekki tryggðar nema með hugarfarsbreytingu og upprætingu á þeim staðalmyndum sem mótað hafa viðhorf í garð hópanna í aldanna rás. Vísbendingar eru um að bætt lagaumhverfi sé langt frá því að

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Dagbjört Ásgeirsdóttir	Þegar tungumálið kemur, þá kemur allt: Reynsla kvenna af Kosovo-albönskum upruna af að búa á Íslandi	2008	M.Ed. verkefni við kennaradeild HA	142 bls. Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/1658/5655/1/\$201e%C3%9Eegar_tungum%C3%A1li%C3%B0_kemur\$002c_%C3%BE%C3%A1_kemur_allt\$201c_Reynsla_kvenna_af_Kosovo_alb%C3%B6nsku_m_uppruna_af_a%C3%B0_b%C3%BAa_%C3%A1_%C3%8Dsla.ndi.pdf	eigindlegar rannsóknir nýbúar innflytjendur flóttafólk tungumál konur Kosovo-Albanir aðlögun	vera nægilegt vopn í baráttunni fyrir raunverulegum mannréttindum. Ritgerð þessi byggir á eigindlegri rannsókn á lífi og upplifun albanskra kvenna á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning þess fólks, sem konur hitta í sínu daglega lífi, á tilfinningum þeirra, viðhorfum og aðstæðum, en það eru m.a. kennarar, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir opinberir starfsmenn. Gengið er út frá rannsóknarspurningunni: Hver er reynsla kvenna af Kosovo-albönskum uppruna af því að búa á Íslandi? Spurningin var opin og viðfeðm og er henni ætlað að opna á umræðu og hvetja til ígrundunar kvennanna, sem jafnframt eru meðrannsakendur. En það getur síðan leitt til enn fleiri spurninga og vangaveltna hjá þeim sem og rannsakanda. Gagnaöflun fór fram árin 2006 og 2007. Tekin voru tíu ýtarleg og opin viðtöl, í formi samræðna, við fjórar Kosovo-albanskar konur. Einnig var rýnihópur settur á fót þar sem þrjár kvennanna komu saman með rannsakanda og jafnframt voru hálf-opin viðtöl tekin við þrjá sérfræðinga, sem hafa þekkingu og reynslu af að vinna með Kosovo-Albönum, hver á sínu sviði. Gagnaöflun fól einnig í sér úttekt og greiningu á rannsóknnum fræðimanna í málefnum innflytjenda og var þar meðal annars horft til Norðurlanda. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós hve mikilvægt það er fyrir aðlögun innflytjenda að ná valdi á ríkjandi tungumáli samfélagsins. Takmörkuð íslensku- og jafnvel enskukunnátta og lítil þekking á íslenskum aðstæðum getur skapað mikla vanlíðan og kviða hjá innflytjendum. Það getur orðið til þess að innflytjendur taki minni þátt í félagslegum samskiptum og athöfnum en þeir annars hefðu viljað. Ennfremur koma fram vísbendingar um að fullorðnum innflytjendum, sem eiga börn sem tala íslensku og túlka fyrir foreldra sína, sé sérstaklega hætt við að einangrast félagslega og menningarlega frá meirihluta samfélagsins. Foreldrarir reida sig á börn sín í margskonar samskiptum og þurfa fyrir vikið minna að kljást við nýtt tungumál og sinn eigin vanmátt gagnvart því. Rannsóknin bendir til þess að fólk, sem nær góðum tókum á nýju tungumáli og tekur virkan þátt í nærsamfélagi sínu, þróa með sér sveigjanlega etníska sjálfsmynd og samþætti eigin menningu nýrri menningu. Það verður til þess að þátttaka, hlutverk og möguleikar þess í samfélaginu aukast og stuðlar um leið að mikilvægu hlutverki þess í aðlögunarferli samfélagsins að breyttum aðstæðum. Niðurstöðurnar gefa margvíslega innsýn í tilveru, sjónarmið og aðstæður Kosovoalbanskra kvenna á Íslandi og fjölskyldna þeirra. Það er von mín að þessi reynsla og þekkingarmiðun nýtist þeim, sem eiga nánin samskipti við Kosovo-Albani eða aðra innflytjendur á Íslandi, sem og öðrum þeim sem áhuga hafa á fjölmenningslegum málefnum. Einnig er það einlæg ósk mín að rannsóknin stuðli að enn frekari aðlögun Kosovo-Albana að íslensku samfélagi sem og annarra Íslendinga að Kosovo- Albönum og innflytjendum almennt.

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Dagbjört Ásgeirsdóttir	Reynsla kvenna af Kosovo-albönskum upruna af að búa á Íslandi	2005	Diplómaverkefni við kennaradeild HA	31 bls. Akureyri	skóli nýbúar rannsóknir félagsleg vandamál	
Dagný Baldursdóttir, Kristján Reynir Kristjánsson	En kennari, what about me?: Ensukennsla tvítyngdra barna í efstu bekkjum grunnskólans	1997	B.Ed. verkefni við grunndeild KHÍ	34 bls. Reykjavík	tvítyngi ensukennsla	
Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				org-2.pdf		
Reykjavíkurborg	Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti	2006	Skýrsla	24 bls. Reykjavíkurborg, okt. 2006	innflytjendur skóli börn frístundir	
Reykjavíkurborg	Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar: samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006	2006	Skýrsla	12 bls. Reykjavíkurborg. http://reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/skjol/stefnur/Mannrettindastefna.pdf		
Reykjavíkurborg	Skýrsla samráðsnefndar um fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004	2005	Skýrsla	18 bls. Reykjavík. http://gamli.reykjavik.is/upload/files/Skyrsla2004_heild.pdf	innflytjendur fjölmenning Reykjavíkurborg	
Reykjavíkurborg	Skýrsla samráðsnefndar um fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2002	2003	Skýrsla	Reykjavíkurborg	innflytjendur fjölmenning Reykjavíkurborg	
Reykjavíkurborg	Skýrsla samráðsnefndar um fjölmenningarstefnu Reykjavíkur fyrir árið 2001	2002	Skýrsla	39 bls. Reykjavíkurborg	innflytjendur fjölmenning Reykjavíkurborg	
Reykjavíkurborg – Félagsþjónustan	Könnun á aðstæðum erlendra starfsmanna Félagsþjónustunnar	2001	Könnun	12 bls. Reykjavík http://www.rvk.is/Portaldatal/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/skyrslur_kannanir/Erlendir_starfsmenn.pdf	erlent vinnuafi menntun íslenskukunnátta konur karlar Reykjavíkurborg	
Reykjavíkurborg - Velferðarsvið	Samantekt starfshóps um þjónustu við innflytjendur	2007	Skýrsla	40 bls. Reykjavík	Innflytjendur flóttafólk þjónusta Reykjavíkurborg	
Reykjavíkurborg: Menntasvið	Handbók: Móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur	2008	Skýrsla og handbók	20 bls. Reykjavík. http://www.rvk.is/Portaldatal/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/skyrslur_kannanir/Erlendir_starfsmenn.pdf	Innflytjendur grunnskólar börn	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				ldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/utgafur/grunnskolar/ymsarskyrsluogbaeklingar/handbok4.pdf		
Róbert Ragnar Spanó	Sérstök fyrirmæli um réttarstöðu útlendinga	2005	Bók	Reykjavík. Mannréttindasáttmáli Evrópu, bls. 527-541. Útg. Mannréttindastofnun HÍ, Lagadeild HR	Mannréttindasáttmáli Evrópu stjórnskipunarréttur persónuréttur mannréttindi útlendingar	
Rósa Guðbjartsdóttir	Kennarastarfið í skóla markbreytileikans	2009	M.Ed. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	91 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/4007/9929/1/ritgerd_fixed.pdf	grunnskólar viðhorf nýbúar börn fjölmenningarleg kennsla kennarar	Í þessari ritgerð er fjallað um viðhorf kennara til kennslu innflytjendabarna. Greint er frá núverandi þekkingu á sviðinu og nokkrum innlendum og erlendum rannsóknum sem tengjast umfjöllunarefninu. Ritgerðin byggir á eiginlegri rannsókn á viðhorfum og reynslu átta grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu. Leitast var við að draga fram þá þætti sem þykja hafa áhrif á viðhorf þátttakenda og með hvaða hætti þeir skapa það námsumhverfi, sem tekur mið af ólíkum þörfum nemenda af erlendum uppruna. Athyglin beinist einkum að sýn þeirra á kennslu innflytjendabarna og hvað felst í því starfi. Helstu niðurstöður benda til að þátttakendur séu jafnan jákvæðir gagnvart þörfum nemenda af erlendum uppruna. Þeir telja faglegan undirbúning fyrir kennslu innflytjendabarna mjög mikilvægan vegna þess hve sú kennsla er ólík annarri kennslu. Einnig töldu þátttakendur heppilegt að hafa eina manneskju með sérþekkingu á sviðinu starfandi við hvern skóla til að halda utan um málaflokkinn. Þá kom fram sú skoðun að móttökudeildir væru mikilvægar til að styðja við nemendur af erlendum uppruna meðan þeir læra á sitt nýja umhverfi. Loks kom fram að varpa þyrfti meiri ábyrgð á foreldra erlendra barna og einnig að gefa þeim tækifæri til að kynnst betur íslenskrí skólamenningu.
Rósa Guðbjartsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir	Kennarar og kennarastarf í fjölmenningarlegu samfélagi: raddir kennara innflytjendabarna	2010	Grein	Tímarit um menntarannsóknir 7(1), 77-92. http://fum.is/Tum%207.%20C3%A1rgangur/RosaG-HannaR-	fjölmenning innflytjendur grunnskólar rannsóknir grunnskólakennarar	Á liðnum árum hefur skólasamfélagið hér á landi tekið breytingum, sem meðal annars tengjast innflytjendum með börn sem stunda nám í grunnskólum landsins. Kennarar þurfa því að skapa námshvetjandi umhverfi svo að erlendir nemendur séu virkir í allri vinnu, nái árangri í námi og öðlist félagsfærni. Viðhorf kennarans til innflytjendabarna hlýtur að hafa áhrif á það með hvaða hætti hann sinnir faglegu hlutverki sínu sem kennari þeirra. Þessi grein byggist á rannsókn þar sem könnuð voru viðhorf

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				KennararOgKennarastarfFjolmenning.pdf		grunnskólakennara til kennslu innflytjendabarna. Þátttakendur rannsóknarinnar voru átta konur á ólíkum aldri með mislanga kennslureynslu og voru þær úr fjórum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið með rannsókninni var meðal annars að varpa ljósi á sjónarhorn viðmælenda, upplifun þeirra og reynslu af kennslu í fjölbreyttum nemendahópi, með sérstöku tilliti til innflytjendabarna, og þær áskoranir og hindranir sem þeir standa frammi fyrir í slíkri kennslu. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu meðal annars til kynna að þátttakendur álíta að faglegur undirbúningur sé mikilvægur fyrir kennslu innflytjendabarna því að sú kennsla sé ólík annarri kennslu, sérstaklega íslenskukennslan. Einnig kom fram að kennarar telja að námsver séu mikilvæg sem stuðningur við erlenda nemendur meðan þeir aðlagast nýju skólaumhverfi. að auki bentu niðurstöður til þess að fela þyrfti foreldrum barna af erlendum uppruna meiri ábyrgð og gefa þeim einnig tækifæri til að kynnast íslenskrí skólamenningu. Hagnýtt gildi: Gildi þessarar rannsóknar felst í nýjum skilningi á viðhorfum kennara sem fást við kennslu innflytjendabarna og hagnýtum ráðum til þeirra sem fást við slíka kennslu. Einnig felst gildi rannsóknarinnar í því að hún stuðlar að almennt umræðu um málaflokkinn og leggur grunn sem auðveldar kennurum að takast á við kennslu innflytjendabarna. Traustur grunnur ætti að stuðla að auknum árangri í kennslu innflytjendabarna og um leið að gera námsumhverfi þeirra enn betra.
Róslaug Guðrún Agnarsdóttir	Tvö mál í einni sál	2009	B.A. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	33 bls. Reykjavík	fólksflutningar (félagsfræði) tvityngi	
Rúna Kristín Sigurðardóttir	Erlent vinnuafli í íslensku fyrirtæki	2006	B.S. verkefni við viðskiptadeild HA	Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/902/838/1/erlentvinnuafli.pdf	vinnumarkaður erlent vinnuafli mannauðsstjórnun fjölmenning útendingar	Í skýrslu þessari er fjallað um erlent vinnuafli í íslensku fyrirtæki og þau vandamál sem því fylgja. Í upphafi voru settar fram tilgátur um að vandamálin væru af félagslegum toga, að þau tengdust samskiptum og að menningarlegur bakgrunnur starfsfólks skapaði mismunandi starfshætti. Til samstarfs var frystihús Samherja Dalvík. Það fyrirtæki er með 36,5% erlent starfsfólk á launaskrá. Spurningarlisti blandaður af stöðluðum spurningum og opnum spurningum var lagður fyrir starfsfólk Samherja og var úrtakið allt almennt starfsfólk og var svarhlutfall 53,9%. Við úrvinnslu gagna úr könnun var notast við SPSS og Excel forritin. Úr könnun kom fram að samskipti skapi mestu vandamálin. Misvel fannst íslendingum að eiga samskipti við þjóðarbrotin og reyndist auðveldast að eiga samskipti við Svíana, en erfiðast við Tælendinga. Almennt séð er starfsfólk ánæggt í vinnunni, íslenska starfsfólkinu finnst þægilegt að vinna með því erlenda og öfugt. Könnunin sýndi fram á það að ekki væru fordómar til staðar í fyrirtækinu á meðal starfsfólks. Lagðar voru fram tillögur

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						til úrbóta á þeim vandamálum og ýmsum fleiri þáttum sem komu fram úr niðurstöðum könnunar.
Rúna Vigdís Guðmundsdóttir	Gott er að hafa tungur tvær: Tvityngi: Máltaka, málnotkun og áhrif á einstaklingsþroska	2003	B.Ed. verkefni við grunndeild KHÍ	33 bls. Reykjavík	tvityngi málnotkun máltaka	
Sabit Veselaj	Cultural adaption and motivations of Polish workers in Iceland	2011	M.S. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	119 bls. Reykjavík, Heildartexti lokaður	Pólverjar innflytjendur Ísland	Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna aðlögun pólskra innflytjenda og launþega á Íslandi, greina þætti sem hafa áhrif á menningarlega aðlögun þeirra og hvaða hvatir lágu að baki ákvörðun þeirra að yfirgefa heimaland sitt. Þángað til í lok síðustu aldar voru einungis um 2% íbúa á Íslandi innflytjendur. Frá þeim tíma og sérstaklega eftir 2004 hefur Ísland orðið áfangastaður og þá um leið Íslendingar gestgjafar fjölda innflytjenda. Þar sem landið er orðið fjölmenningarlegt er þörf á nýrri nálgun hjá félagstöfnunum og öðrum sem fást við málefni innflytjenda. Um leið myndast áskorun, einkum fyrir stjórnendur fyrirtækja, sem fást á beinan hátt við innflytjendur á vinnustöðum. Þessi rannsókn sem byggð var á úrtaki 230 pólskra innflytjenda og launþega, sýnir að aðal hvati þeirra til að yfirgefa heimaland sitt eru peningar, leit að nýrri vinnu, tryggja starf í betra hagkerfi og öðlast fleiri og betri tækifæri. Niðurstöður benda jafnframt til þess að fjárhagur og góð lífsskilyrði eru aðal hvatinn að komunni til Íslands. Almenn hæfni pólskra innflytjenda og launþega í íslenskri tungu virðist léleg. Þeir sem töku þátt í könnuninni gáfu íslensku kúnattu sinni meðaleinkunin 2,73 á 7 skala kvarða hvað varðar skilning, framburð, lestur og ritun málsins, sem er undir meðaltali. Niðurstöðurnar sýna að pólskum innflytjedum og launþegum gengur vel að laga sig við ástæður að eftirfarandi fjórum atriðum (einkunn 5,03 á 7 skala kvarðanu), almennum kringumstæðum, húsnæði, umhverfi og loftslagi. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að pólskir innflytjendur og launþegar laga sig vel að vinnustöðum sínum. Þátttakendur gáfu sjálfum sér einkunina 4,81 varðandi eigin aðlögun að vinnustöðum, þ.e. vinnustaðli og kröfum, sambandi við yfirboðara og sérstökum væntingum í vinnunni. Þessi rannsókn sýnir einnig að pólskum innflytjendur og launþegar eiga erfiðast með að laga sig að samskiptum og samneyti við Íslendinga, með meðaleinkunina 3,52 í níu atriðum á 7 punkta kvarða. Rannsóknin sýndi að kyn, framtíðaráform um að dvelja á Íslandi og mánaðarlaun réðu miklu um aðlögunarhæfni á vinnustöðum. Kyn, framtíðaráform búsetu á Ísland og íslenskukúnnatta hafði mikið að segja um hæfileikann til að fást við hinar ólíku kringumstæður. Að læra íslensku er lykillinn að samskiptum og samneyti við Íslendinga. Að lokum kom fram að íslenskukúnnatta og framtíðaráform um búsetu á Íslandi réðu urslitinn um almena aðlögunarhæfni..
Samband	Svona gerum við: Leiðir að	2007	Skýrsla,	50 bls.	fjölmenning	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
sveitarfélaga á Austurlandi	fjölmenningarlegu samfélagi á Austurlandi		Verkefnisskýrsla	Samband sveitarfélaga á Austurlandi.	innflytjendur Austurland sveitarfélög búferlaflutningar fólksflutningar	
Samuel C. Lefever, Inga Karlsdóttir	Kennslufræði annars máls	2010	Grein/ Bókakaflí	Í Fjölmennig og Skólastarí, 109-128.	kennslufræði tungumálanám	
Sandra Bruneikaité	Expatriates in Iceland	2007	B.A. verkefni í félagsfræði, HÍ	42 bls. Reykjavík	fjölpjóðafyrirtæki erlent vinnuafli atvinnumál sérfræðingar hnattvæðing	
Sandra Ösp Valdimarsdóttir	Málþroski íslenskra barna erlendis	2003	B.Ed. verkefni við grunndeild KHÍ	7 bls. + geisladiskur Reykjavík	börn tvityngi vefsíður móðurmál málþroski	
Sara Dögg Gylfadóttir, Sigrún Pétursdóttir	Handbók um flóttafólk og hælisleitendur: Hvernig get ég hjálpað?	2008	B.A. verkefni í félagsráðgjöf, HÍ	129 bls. Reykjavík	flóttafólk lýðheilsa handbækur félagsleg aðstoð hælisleitendur	
Selma Kristjánsdóttir	„Ég vil vera ég“: upplifun fullorðinna innflytjenda í íslenskunámi sínu hérlendis	2010	M.Ed. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	85 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/5764/16067/1/%C3%89g_vil_vera_%C3%A9g.pdf	nýbúar fullorðnir nemendur íslenskukennsla	Lítið er vitað um áhrifavalda í íslensku samfélagi hvað varðar íslenskunám fullorðinna innflytjenda á Íslandi. Mikilvægt er að draga fram í dagsljósið hugsanlegar hindranir sem geta verið til staðar og hamla færni innflytjenda í íslenska tungumálinu og ekki síður hverjir eru helstu hvatar þeirra til að tileinka sér það. Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á áhrifavalda og bæta sýn á íslenskunám fullorðinna innflytjenda með von um áframhaldandi framþróun í þeim málefnum. Til að varpa ljósi á rannsóknarefnið var leitað í smíðju félagslegrar hugsunahyggju. Þær kenningar sem lágu til grundvallar voru kenningar félagsfræðingsins Bourdieu um félagslegan auð og menningarauð og auk þess þriliða námskenning menntunarfræðingsins Illeris um það hvernig nám á sér stað. Einnig var stuðst við umfjallanir Knowles, Brookfield og Wlodkowski um hvað einkennir fullorðinn námsmann, menningarlegt sjónarhorn og hvata. Sagt er frá upplifun sjö fullorðinna innflytjenda í íslenskunámi á Íslandi. Rannsóknin var eigindleg, framkvæmd á tímabilinu 9. október 2009 – 22. febrúar 2010 og stuðst við etnógrafískt rannsóknarsnið. Niðurstöður leiddu í

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						ljós að þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa allir einbeittan vilja til að aðlagast íslensku samfélagi þar sem þeir vildu vera hluti af heild. Þó sýndu niðurstöður að upplifun viðmælenda minna í íslenskunámi var misjöfn og leiðir þeirra sömuleiðis. Helstu áhrifavalda töldu þeir vera takmarkaðir möguleikar þeirra á samskiptum á íslensku. Við komu sína til landsins þurftu viðmælendur að bæta fyrir tap á félagslegum auði og menningarauði. Utanaðkomandi áhrifavaldar eins og vinnustaður og tengslanet höfðu mikið að segja varðandi hvata viðmælenda til að læra tungumálið. Draga má þá ályktun að til að stuðla að námi í íslensku fyrir fullorðna innflytjendur, þarf að veita þeim tækifæri í samfélaginu, á vinnustað eða á námskeiðum sem miða að því að byggja upp félagslegan auð þeirra. Jafnframt að gera þeim kleift að viðhalda menningarauði sínum og trú á eigin getu í nýju samfélagi.
Signý Óskarsdóttir	Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara í sveitarstjórnarkosningunum 2006: Aðlögun sveitarfélaga og erlendra ríkisborgara	2007	B.A. verkefni í félagsvísindum, Háskólinn á Bifröst	61 bls. Bifröst	aðlögun innflytjendur kosningabátttaka sveitarstjórnarkosningar	
Sigríður Hlíf Valdimarsdóttir, Sigrún Anna Jónsdóttir	Fjölbreytni er kostur sem vert er að nýta: Fjölmennningarleg kennsla í leikskólum	2007	B.Ed. verkefni við leikskólabraut KHÍ	Reykjavík.	leikskólakennarar kannanir viðhorf nýbúar fjölmennningarleg kennsla	Lokaverkefni þetta er unnið til B.ed.-prófs í leikskólakennarafræðum við Kennaraháskóla Íslands. Ritgerðin fjallar um mikilvægi þess að leikskólinn komi til móts við börn af erlendum uppruna og hvaða leiðir eru til fyrir leikskólann og leikskólakennara til að koma til móts við þessi börn. Hér er fjallað um hvað fjölmennning er og hvað felst í fjölmennningarlegri kennslu. Gerð eru skil á sex viðtölum sem tekin voru við leikskólakennara. Með viðtölunum verður leitast við að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennaranna til fjölmennningarlegrar kennslu. Niðurstaða okkar er sú að mikill vilji sé fyrir hendi hjá leikskólakennurum til að mæta þörfum barna af erlendum uppruna. Leikskólar eru viljugir til að gera sitt besta en oft vantar þekkingu á fjölmenningu, skipulag og framtakssemi. Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins er mikilvægt að leikskólakennarar gefi börnunum gott vegnesti í áframhaldandi skólagöngu og með því er lagður góður grunnur á bjarta framtíð barnsins.
Sigríður María Tómasdóttir	Ekki benda á mig: Helstu orsakir kynþáttafordóma og leiðir til að kljást við þá, auk túlkunar á fordómum Íslendinga	2001	B.A. verkefni í mannfæði, HÍ	36 bls. Reykjavík	kynþáttafordómar mannfæði Íslendingar Ísland	
Sigríður María Tómasdóttir, Haukur Agnarsson	Kynþáttafordómar og kynslóðirnar: Rannsókn á viðhorfi þriggja kynslóða til innflytjenda á Íslandi	2000	Skýrsla, Verkefnisskýrsla. Nýsköpunarsjóður námsmanna	45 bls. Reykjavík.	kynþáttafordómar nýbúar rannsóknir Ísland	Umsjónarmaður: Unnur Dís Skaptadóttir. Þátttakendur: 16-25 ára, 34-43 ára, 52-61 árs. Umsjónaraðilar: Unnur Dís Skaptadóttir, Guðrún Pétursdóttir Markmið:

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						Að kanna viðhorf fólks til innflytjenda á Íslandi . Að athuga viðhorf þriggja mismunandi aldurshópa. Að skoða sérstaklega niðurstöður yngsta aldurshópsins sem gætu aðstoðað við að þróa fræðsluefni um málefni innflytjenda fyrir skólastigin. Að munur er á milli kynslóða í afstöðu til innflytjenda. Afstaða til þeirra virðist vera neikvæðari með nýjum kynslóðum sem sýnir nauðsyn fjölmenningarlegrar kennslu í íslensku samfélagi.
Sigríður Ólafsdóttir	Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmá en íslensku	2010	M.A. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	116 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/4612/13016/1/Sigr%C3%AD%C3%B0ur_%C3%93lafsd%C3%B3ttir_pd_fix_ed.pdf	Grunnskólanemar Tvítýngi Orðaforði Nýbúar Íslenska fyrir útlendinga Íslenska	Góður orðaforði er forsenda lesskilnings og veigamikil undirstaða velgengi í skóla. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að mikill munur er á stærð orðaforða barna, munurinn kemur fram strax á unga aldri og vex frekar en minnkar með árunum; enn fremur að stærð orðaforða hefur forspárgildi um velgengi nemenda í skóla. Samkvæmt erlendum rannsóknum eiga nemendur sem eiga annað móðurmál en ríkir í skólasamfélaginu oft erfið uppdráttar í skólanum vegna þess að þeir hafa ófullnægjandi orðaforða. Í þessari rannsókn var kannaður íslenskur orðaforði barna í fyrsta til fjórða bekk grunnskóla sem eiga annað móðurmál en íslensku og báða foreldra með annað móðurmál en íslensku. Notað var orðaforðaprófið PPVT-4 sem verið er að þýða og staðfæra með forprófum á íslenskum börnum. Rannsóknin gefur upplýsingar um íslenskan orðaforða barnanna, eftir aldri og dvalartíma þeirra í landinu. Niðurstöður staðfestu flestar tilgátur sem settar voru fram í upphafi rannsóknarinnar. Í fyrsta lagi hækkaði stigafjöldi þátttakenda á orðaforðaprófinu með aldri og enn meira með dvalartíma og samvirkni mældist á milli aldurs og dvalartíma. Hins vegar er sú aukning á stigafjölda sem kemur fram hjá þátttakendum á milli annars, þriðja og fjórða bekkjar, þegar tekið er tillit til dvalartíma, ekki nægileg til að hægt sé að gera ráð fyrir að íslenskur orðaforði aukist almennt á þessum árum hjá nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Aukning á meðalstigafjölda þátttakenda sem hafa dvalið frá tveimur árum til sjö ára á Íslandi er heldur ekki nægileg, þegar tekið er tillit til aldurs, til að hægt sé að gera ráð fyrir orðaforði aukist almennt á því tímabili hjá þessum hópi nemenda. Í öðru lagi höfðu börn með önnur móðurmál en íslensku, í öllum aldurshópum, marktækt lægri skor á orðaforðaprófinu en sex ára íslensk börn með íslensku sem móðurmál. Í þriðja lagi voru börn með austur-evrópsk móðurmál með meiri orðaforða en börn með móðurmál sem töluðu eru utan Evrópu en sá munur kom fram hjá þátttakendum sem höfðu lengstan dvalartíma. Ekki komu fram skýr tengsl milli fjölda kennslustunda á viku í sérstakri íslenskukennslu og orðaforða nemenda, þegar tekið var tillit til aldurs og dvalartíma. Lykilorð: Íslenska sem annað tungumál.
Sigríður Ruth Magnúsdóttir	Námsumhverfi nýbúabarna	2001	Grein	Reykjavík. Ritroð Barnaheilla 5,	börn nýbúar	Erindi flutt á ráðstefnu um stöðu barna af erlendum uppruna hér á landi, 27. október 1999

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				64-69 .	innflytjendur grunnskólar móðurmál tvítyngi	
Sigríður Sigurðardóttir	Málin skipta máli: Væntingar foreldra tvítyngdra barna	2004	B.Ed. verkefni við leikskólakennarabraut KHÍ	26 bls. Reykjavík	tvítyngi leikskólastarf kannanir fjölmenning fjölskylda	
Sigríður Valdís Karlsdóttir	Leikskólinn á tímamótum: Hvernig á að bregðast við auknum fjölda nýbúa?	2007	B.Ed. verkefni við kennaradeild HA	Akureyri.	leikskólar nýbúar fjölmenning tvítyngi málörvun foreldrafræðsla handbækur	Í skjóli tilskipunar EES um frelsi launþega til flutninga og atvinnufrelsis á milli landa EB og EFTA ríkjanna samkvæmt 28. grein laga þar um er fólki heimilt að flytja til þeirra landa sem í þessum samtökum eru og vinna þar. Ísland er þar ekki undanskilið og má sjá erlent vinnuafli mjög víða, ekki hvað síst í smærri byggðakjörnum á landsbyggðinni. Í kjölfar þessa eru margvíslegar breytingar á mynstri þessara samfélaga og er leikskólinn á tímamótum vegna fjölda erlendra barna sem sækja þar nám. Með lokaverkefni mínu til B.Ed. gráðu í leikskólakennaranámi ætla ég að byggja upp samskiptakerfi sem byggir á foreldrahandbók og málörvunaráætlun til hægðarauka fyrir nýbúa þessa lands. Foreldrahandbókin verður gefin út á þremur tungumálum þ.e. íslensku, ensku og pólsku og er hún sérstaklega sniðin fyrir leikskólana í Vesturbyggð þar sem ég vinn. Ég ætla að útfæra myndrænt dagsskipulag á íslensku, ensku og pólsku, en sendi þau eingöngu á íslensku í verkefninu mínu. Myndirnar eiga að sýna það sem fer fram á leikskólanum yfir daginn, en hann er opin frá kl. 7.45 til 17.15 alla virka daga. Ég tel gott fyrir alla sem eiga börn á leikskóla að fá foreldrahandbók sem útskýrir það sem fram fer á leikskólanum, og hvers má vænta af leikskólanum hvert ár. Til að hjálpa þeim börnum sem byrja í leikskóla þarf að vera góð málörvunaráætlun til staðar sem er aðgengileg fyrir allt starfsfólk á leikskólanum og foreldrum barnanna sýnileg. Tel ég þetta vera grundvallaratriði til að gott leikskólastarf geti þrífist þar sem börn af ólíku þjóðerni og menningu mætast og vinna saman. Þetta er búið að vera áhugamál hjá mér síðan ég var í vettvangsnámi á Akranesi. Það er von mín að þetta verkefni nýtist leik- og grunnskólum við þróun á ennþá betra samskiptakerfi í framtíðinni.
Sigríður Vigðis Jónsdóttir	Ríkisfang: ekkert : flóttinn frá Írak á Akranes	2011	Bók	380 s. Reykjavík, Mál og menning	innflytjendur flóttafólk ríkisborgararéttur Írak	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
					Palestína Akranes Ísland æviþættur reynslusögur	
Sigrún Aðalbjarnardóttir, Hafdis Ingvarsdóttir, Eyrún M. Rúnarsdóttir	TEAM in Europe – Teacher Education and Multiculturalism in Europe: Iceland	2006	Skýrsla, Rannsóknarskýrsla unnin á vegum evrópska samvinnu- og rannsóknahópsins Teacher Education Addressing Multiculturalism in Europe (TEAM).	Rvík: Háskóli Íslands og EU – Socrates: Education and Culture. (39 bls.).	fjölmennning Ísland kennslufræði	Samvinnuverkefni nokkurra Evrópuríkja, styrkt af Evrópuráðinu. Rannsóknarhópurinn nefnist TEAM-in Europe. Markmið: Að skoða kennaramenntun og skólustarf með tilliti til þess hvernig kennarar eru búnir undir að kenna börnum og unglingum af erlendum uppruna. Í verkefninu verður leitað eftir viðhorfum kennara til þeirra áskorana sem fylgja fjölmenningu í skólum. Jafnframt verður þróunarstarf í fjölmenningskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum athugað
Sigrún Aðalbjarnardóttir, Hafdis Ingvarsdóttir, Eyrún M. Rúnarsdóttir	TEAM in Europe – Case Studies of Good Practice in Iceland.	2006	Skýrsla, Rannsóknarskýrslur unnar á vegum evrópska samvinnu- og rannsóknahópsins Teacher Education Addressing Multiculturalism in Europe (TEAM)	Rvík: Háskóli Íslands og EU – Socrates: Education and Culture.	fjölmenningsleg kennsla skóli móttökuáætlun vefsíður	1. "Brándur úr Gótu": A reception plan in Reykjanæsbær. (8 bls.). 2. Intercultural education at Town School. (7 bls.). 3. The Intercultural website of the compulsory school River-School. (7 bls.). 4. Katla – An educational website. (7 bls.). 5. The Reykjavik Comprehensive College. (7 bls.). 6. The Programme in multicultural education at Iceland University of Education. (8 bls.).
Sigrún Aðalbjarnardóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir	A leader's experiences of intercultural education in an elementary school: Changes and challenges	2006	Grein	Birt í: Theory into practice, 45 (2), 177-186. Columbus: College of Education, Ohio State University	kennsluáðferðir skólastjórnendur fjölmennning	
Sigrún Aðalbjarnardóttir, Hafdis Ingvarsdóttir, Eyrún M. Rúnarsdóttir	Fjölmenningsleg kennsla: Sjónarhorn skólafólks	2005	Grein/ greinasafn	Reykjavík. Rannsóknir í félagsvísindumVI: Félagsvísindadeild, 707-720	fjölmennning fjölmenningsleg kennsla skóli	
Sigrún Aðalbjarnardóttir, Eyrún María	Educational aims in a changing society: Equal opportunities in citizenship, culture and identity	2003	Grein/ greinasafn	A Europe of Many Cultures, London: CiCe, 71-77.	menntakerfi menntamál menntastefna	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Rúnarsdóttir					fjölmennning innflytjendur Ísland	
Sigrún Dóra Sævinsdóttir	Detecting neonatal seizures in EEG recordings using support vector machines	2004	M.S. verkefni við tölvunarfræðideild HÍ	85 s. + 1 geisladiskur . Reykjavík. http://skemman.is/stream/get/1946/463/1788/2/Greinarger%C3%B0.pdf	flogaveiki nýbúar heilarit stoðvigravél	Markmið rannsóknarinnar var að bera saman tvo danska grunnskóla með tilliti til samstarfs heimilis og skóla þar sem heimilin eru tvítýngd. Þá var lögð áhersla á að athuga hvernig samstarfið fer fram og hverjar áherslur þess eru. Rætt var við þrjá kennara í tveimur grunnskólum. Rannsóknin var eigindleg og beitt var opnum viðtölum. Í ljós kom að skólarnir nota báðir foreldrafundi- og samtöl til að byggja upp samstarf við heimilin. Áherslurnar í samstarfinu, það sem foreldrar eiga erfiðast með að sætta sig við, tengjast böðun og vettvangsferðum í báðum skólum. Helsti munurinn á skólunum tveim er að hversu miklu leyti þeir notast við túlka og svo fyrirhöfn þeirra við að fá tvítýngda foreldra til að mæta á foreldrafundi og foreldrasamtöl.
Sigrún Friðriksdóttir	Samstarf foreldra tvítýngdra nemenda og skóla: Samanburður tveggja danskra grunnskóla	2007	B.Ed. verkefni við grunnskólabraut KHÍ	34, (4) bls. Reykjavík.	tvítýngi fjölmennning kannanir Danmörk samstarf heimila og skóla	
Sigrún Helga Björgvinsdóttir	Fjölbreytileiki er kostur sem ber að nýta: fjölmennningarleg menntun í grunnskólum	2011	B.A. verkefni félagsvísindasvið HÍ	45 bls., Reykjavík Heildartext lokaður	börn fjölmennning menntun grunnskólar	Hugtakið barnæska hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og aldir. Í dag er barnæska talin vera mikilvægt lífsskeið og börn gjarnan álitin vera virkir þátttakendur samfélaga. Í hnattvæddum heimi nútímans standa samfélög frammi fyrir nýjum spurningum sem snúa meðal annars að því hvernig auka megi jafnrétti allra, óháð menningu, tungumálum og trúarbrögðum. Ísland er þar engin undantekning enda hefur fjölbreytileiki hér á landi aukist til muna undanfarin ár. Menntastofnanir standa frammi fyrir nýjum áskorunum þar sem saman eru komin börn af margvíslegum uppruna með ólíkan menningarlegan bakgrunn og tungumál. Hér verður skoðað hvað felst í hugtakinu fjölmennningarleg menntun og hverjir eru helstu áhrifaþættir hennar. Jafnframt verður greint frá því hvernig innleiða megi hugmyndafræði fjölmennningarlegrar menntunar inn í menntastofnanir. Fjallað verður um nokkrar íslenskar rannsóknir um börn af erlendum uppruna en rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi og annars staðar sýna fram á jaðarstöðu barna af erlendum uppruna í skólum.
Sigrún Valgarðsdóttir	Fjölmennningarlegur vinnustaður	2004	M.A. verkefni í uppeldis og menntunarfræði, HÍ	91 bls. Reykjavík	fjölmennning innflytjendur vinnustaðir	
Sigrún K. Valsdóttir	Úígúrar og réttindabaráttan þeirra : etnisk sjálfsmynd og myndun þjóðar	2010	B.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	34 bls., Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/463/1788/2/Greinarger%C3%B0.pdf	minnihlutahópar sjálfsmynd (sálfræði)	Í þessu verki er fengist við málefni etniskra minnihlutahópa innan alþýðulýðveldisins Kína. Úígúrar í Xinjiang héraði eru helsta viðfangsefni

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				am/get/1946/4756/13703/1/Uighurar.pdf	Þjóðernishyggja Þjóðflokkar Íslam Mongólar Kína Úígúrar	ritgerðarinnar, en Mongólar í Innri-Mongólíu eru notaðir til samanburðar. Auk umræðu um hugtök er varða þjóðernishópa og etniskar sjálfsmyndir er áhersla lögð á að kynna opinbera kínverska þjóðernishyggju í þeim tilgangi að sjá að hvaða leyti hún stangist á við etniska- og þverþjóðlega þjóðernishyggju. Heimildaöflun fyrir þetta verk var nokkuð viðtæk því auk fræðigreina og –bóka var viðtal tekið við Íslending sem ferðast hafði um Xinjiang hérað, rýnt var í kínverska og evrópska blaðaumfjöllun varðandi óeirðir í Urumqi síðastliðið sumar. Að lokum voru heimasíður sem varða málstað Úígúra kannaðar vegna umfjöllunar um birtingarform etniskrar hugmyndafræði þeirra. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar fela í sér að þó margir Úígúrar lýsi yfir von um aðskilnað frá kínverska ríkinu, virðist barátta þeirra og Mongólanna fremur vera krafa um aukin réttindi innan alþýðulýðveldisins, það er að segja að etniskir minnihlutahópar eigi möguleika á sömu réttindum og tækifærum sem bjóðast Han-Kínverjum. Einnig ber að nefna að þó kínversk stjórnvöld séu þátttakendur í stríðinu gegn hryðjuverkum vegna Úígúra, að etnisk sjálfsmynd Úígúra byggist frekar á sögulegri arfleifð þeirra sem etniskis hóps heldur en þeirri staðreynd að þeir séu islamstrúar.
Sigurður Guðmundsson	Þátttaka erlendra ríkisborgara í íslensku hagkerfi og á vinnumarkaði	2000	Skýrsla. Þjóðhagsstofnun	Reykjavík	vinnumarkaður erlent vinnuafli innflytjendur útlendingar	
Sigurður Konráðsson	Íslenska: Móðurmál og annað mál	2007	Grein/ greinasafn	Í: Fjölmennning á Íslandi, Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan. Reykjavík, 131-148.	móðurmál íslenska annað mál	
Sigurður Mikael Jónsson	Innflytjendamál á Íslandi: Opin landamæri, við hverju má búast?	2007	B.A. verkefni í félagsfræði HÍ	40 bls. Reykjavík	innflytjendur mannfjöldi hnattvæðing Ísland	
Sigurður Pálsson	Uppeldisréttur: um rétt foreldrar til að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna;	2011	Bók; 2útg., aukin og endurskoðuð	93 bls. Pedagogos, Reykjavík. (1 utg. 1987, Reykjavík: Rannsóknastofnun	uppeldi trú siðferði skólar heimilið	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
				uppeldismála,)	foreldrar barnaréttur gildismat mannréttindi fjölmenning	
Sigurður Örn Guðleifsson	Ákvarðanataka stjórnvalda um veitingu hælis til handa flóttamönnum	1998	Lokaverkefni í lögfræði, HÍ	67 bls. Reykjavík	stjórnskipunarréttur flóttafólk	
Sigurlaug Hauksdóttir	Fimmtánda þjóðarbrotið í Dalvíkurskóla - flóttamenn frá Kosovo	2000	B.Ed. verkefni við KHÍ	70 bls. Reykjavík,	Dalvíkurskóli Dalvíkurbyggð nýbúar flóttafólk íslenskukennsla skólastarf	Viðtöl við ýmsa. Markmið: Að gera úttekt á stöðu mála og athuga hvernig að aðlögun flóttamannanna var staðið, bæði af hálfu sveitarfélagsins og einnig af hálfu grunnskólans. Í heildina var vel að málum staðið.
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir	Asískar innflytjendakonur á Íslandi	2000	M.A. verkefni í uppeldis og menntunarfræði, HÍ	118 bls. Reykjavík	konur innflytjendur nýbúar Tailand Vietnam Filippseyjar	Þátttakendur: 21 talsins á aldrinum 15-43 ára. Veltiúrtak. Markmið: Að varpa ljósi á stöðu asískra innflytjendakvenna í íslensku samfélagi með því að: -kortleggja aðstæður þeirra hér á landi -skoða fjölskyldulíf þar sem ólíkir menningarheimar mætast -kanna þau viðhorf sem ríkja til kvennana -skoða þann stuðning sem konur fá við aðlögun að íslensku samfélagi. Íslenskunámskeið sem í boði er ná ekki því takmarki að kenna þeim íslensku. Fjölskyldulíf kvennanna og íslenskra maka þeirra ber þess merki að parið er af ólíkum uppruna. Viðhorf sem ríkja í garð kvennanna eru neikvæð og þær eru fyrst og fremst metnar á grundvelli staðalmyndar en ekki persónulegra hæfileika eða færni. Konur þurfa stuðning við aðlögun og megin stuðningsaðilar þeirra eru aðrar konur. Af reynslu kvennanna má álykta að virðing og umburðarlyndi Íslendinga gagnvart uppruna þeirra og menningu sé fremur lítið.
Sigurros Björg Sigvaldadóttir	Hver vegur að heiman er vegurinn heim: Líf innan tviheima séð frá sjónarhorni Vesturfaranna	2009	B.A. verkefni, Félagsvísindasvið HÍ	38 bls. Reykjavík http://skemman.is/stream/get/1946/2461/806/9/1/s_fixed.pdf	mannfræði fjölmenning fólksflutningar Vestur- Íslendingar Kanada	Þessi ritgerð fjallar um líf Vestur Íslendinganna út frá hugmyndum og kenningum um tviheima innan mannfræði. Farið verður yfir helstu ástæður þess að hópur Íslendinga á 18. öld ákvað að leggja land undir fót og flytjast til Vesturheims í Kanada. Í Vesturheimi þurftu Íslendingarnir að læra nýtt tungumál og fengu nýja sjálfsmynd. Farið verður yfir hvernig þeim gekk að aðlagast hinu nýja samfélagi og þeim fordómum sem þeir mættu. Auk þess verður litið á sambandið þeirra við Ísland og hvernig þeir héldu áfram í íslenska menningu. Einnig verður skoðað hvernig Kanada tók á móti Vestur Íslendingunum. Skoðaðar verða kenningar sem snúa að þverþjóðlegum veruleika, menningu, fjölmenningu, þjóðerni, heimalandi og ekki síst verður farið ofan í saumana á tviheimum. Tviheimar eru stærsta viðfangsefni þessarar ritgerðar og verður þeim gerð góð skil. Stuðst er við margvíslegar tegundir heimilda, helst ber að nefna fræðirit og greinar eftir mannfræðinga

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						en einnig er stuðst við netheimildir. Helstu niðurstöður eru þær að Vestur Íslendingar lifðu innan tviheima þegar þeir fluttu til Vesturheims. Þeir náðu að koma undir sig fótunum þar og áttu auðvelt með að passa inn í þá fjölmenningu sem hafði þegar skapast í Kanada. Héldu þeir auk þess góðu sambandið við heimalandið Ísland og skipti það samband þá afar miklu máli.
Sigurveig H. Kristjánsdóttir	„Ég vil tala meiri íslensku!“: rannsókn á munnlegum samskiptum nemenda með annað móðurmál en íslensku við íslenska jafnaldrá í efri bekkjum grunnskóla	2010	M.Ed. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	73 bls., Reykjavík	íslenska fyrir útlendinga tvítýngi nýbúar unglingar Íslendingar samskipti unglingastig grunnskóla	Viðfangsefni þessa verkefnis er að greina frá rannsókn sem byggir á kenningum Bruner, þar sem skoðuð eru munnleg samskipti barna með annað móðurmál en íslensku í efri bekkjum grunnskóla. Þátttakendur eru fjögur börn í níunda og tíunda bekk, tvær stúlkur og tveir drengir sem eiga það sameiginlegt að hafa byrjað í íslenskum grunnskóla í sjöunda bekk eða síðar og höfðu dvalið á Íslandi a.m.k. í eitt ár þegar rannsóknin fór fram. Rannsókninni er ætlað að svara eftirfarandi spurningu: Hvernig tekst börnum með annað móðurmál en íslensku í efri bekkjum grunnskóla að eiga munnleg samskipti við íslenska jafnaldrá inni í kennslustundum? Gagnaöflun fór fram með eigindlegri aðferðafræði, þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við hvert barn, farið á vettvang bæði í bóklegar og verklegar kennslustundir og skoðaðar dagbækur barnanna um samskipti. Þau skráðu hjá sér samskipti sín í eina viku. Vettvangsathuganimar voru framkvæmdar til að bera saman upplifun barnanna og athugun rannsakanda. Markmiðið með dagbókarskrifunum var að skoða dagleg samskipti barnanna á heimilum, í skólanum og utan hans. Helstu niðurstöður eru að börnin eru í litlum sem engum munnlegum samskiptum við íslenska jafnaldrá, en það getur seinkað íslenskunáminu og hindrað félagslega aðlögun þeirra. Börnin vilja læra meiri íslensku og fá tækifæri til að tala hana við íslenska jafnaldrá. Þau hafa jákvætt viðhorf til íslenskra jafnaldrá og vilja kynnast þeim þegar þau geta talað betri íslensku. Börnin ætla í áframhaldandi nám eftir að grunnskóla lýkur og þrjú ætla að búa hér á landi í framtíðinni vegna þess að þeim finnst gott að búa á Íslandi. Af þessum niðurstöðum má draga þann lærdóm að skólinn þurfi að leita leiða til að auka munnleg samskipti barna með annað móðurmál en íslensku við íslenska jafnaldrá, ásamt því að styrkja félagsleg samskipti þeirra.
Sigurveig H. Sigurðardóttir	Aldraðir innflytjendur: Vaxandi hópur í íslensku samfélagi	2006	Grein	Reykjavík. Tímarit félagsráðgjafa 1, 55-62	innflytjendur aldraðir	
Silja Dögg Sigurðardóttir, Anna Garðarsdóttir	Viðhorf og upplifun yfirmanna starfsmannamála gagnvart erlendu vinnuafli	2008	B.S. verkefni í viðskiptafræði, HR	60 bls. Reykjavík	mannauðsstjórnun starfsmenn erlent vinnuafli	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Silja Jóhannesdóttir	Allt í ljós : átak vinnumálastofnunar	2008	B.A. verkefni í stjórnmálafræði, HÍ	42 bls. Reykjavík	vinnumarkaður erlent vinnuafli Vinnumálastofnun	
Skjöldur Pálmason	Áhrif erlends vinnuafis á stjórnunarhætti í fiskvinnslu	2006	B.S. verkefni við Viðskiptadeild HA	Akureyri.	mannauðsstjórnun fiskvinnsla fjölmenning útlendingar erlent vinnuafli	Erlendu starfsfólki hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár í fiskvinnslustörfum á Íslandi. Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að kanna áhrif hækkandi hlutfalls erlends starfsfólks á stjórnunarhætti í fiskvinnslum á Íslandi. Rannsóknin byggðist á djúpvíðtölum, úrtakið voru sex stjórnendur fiskvinnslufyrirtækja á Vestfjörðum þar sem margir erlendir starfsmenn starfa. Val á úrtaki byggði á mati höfundar eða svokölluðu matsúrtaki. Helstu niðurstöður eru þær að samskipti starfsmanna eru skert vegna tungumálaörðugleika. Það veldur því að samskipti fara mjög oft í gegnum þriðja aðila sem túlkar, en er að öðru leyti málinu óviðkomandi. Menningarlegur munur starfsfólksins er einn af ráðandi þáttum þegar kemur að því að skýra út viðhorf starfsfólksins til starfsins og stjórnenda fyrirtækisins. Valdafjarlægð (e.power distance) er mun meiri hjá erlenda starfsfólkinu en því íslenska sem veldur því að það ber að öllu jöfnu meiri virðingu fyrir stjórnendum. Í fiskvinnslum þar sem erlent starfsfólk er undirstaða vinnuafisins hafa stjórnunarhættir breyst og orðið ópersónulegri, eftirlitsþáttur með starfsmönnum hefur aukist og eru stjórnendur því meira á ferðinni. Fiskvinnslur eiga betra með að mæta sveiflum sem eru í starfseminni þar sem erlent vinnuafli er mun viljugra til að vinna yfirvinnu en íslenskt.
Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna	CONSIDERATION OF REPORTS SUBMITTED BY STATES PARTIES UNDER ARTICLE 9 OF THE CONVENTION Concluding oB.S.ervations of the Committee on the Elimination of Racial Discrimination ICELAND	2005	Skýrsla	Genf.. COMMITTEE ON THE ELIMINATION OF RACIAL DISCRIMINATION Sixty-seventh session 2-19 August 2005 http://www.humanrights.is/media/frettir/lceland.pdf	kynþáttamísrétti mannréttindi löggjöf Ísland	
Snorri Guðjón Bergsson	Íslandi allt: Útlendingar og íslenskt samfélag 1900-1940	1997	Bók	261 bls.	útlendingar Ísland	
Snorri Guðjón Bergsson	Útlendingar og íslenskt samfélag 1900-1940	1995	M.A. verkefni í sagnfræði, HÍ	166 bls. Reykjavík.	útlendingar Ísland	
Solveig Brynja Grétarsdóttir	Málskipti – hvað skiptir máli?: Rannsókn á námsframvindu 119	2007	M.Paed. verkefni í Íslensk málfræði, HÍ	97 bls. Reykjavík	innflytjendur íslenska (annað mál)	

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
	unglinga með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum				unglingar námsgengi framhaldsskólar kennsluaðferðir	
Sonja Björk Dagsdóttir	Íslenska er líka málið mitt: Úrræði fyrir nýbúa	2007	B.Ed. verkefni við kennaradeild HA	Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/598/2311/4/%C3%9Ard%C3%A1ttur.pdf	grunnskólar nýbúar tvítyngi móðurmálskennsla	
Sonja Elín Thompson	Fjölmennningarleg menntun fyrir alla	2009	M.Ed. verkefni Menntavísindasvið HÍ	64 bls. Reykjavík Heildartexti lokaður	Menntunarfræði Samfélag fjölmennning menntun menning	Markmið og tilgangur ritgerðarinnar er að svara rannsóknarspurningunni „Hvers vegna er fjölmennningarleg menntun mikilvæg í nútíma samfélagi?“, með því að fjalla um fjölmennningarlega menntun og draga fram þætti sem benda á hvers vegna hún hentar vel bæði í fjölmennningarlegum eða fjölbreyttum nemendahópum og einsleitari hópum. Verkefnið er fræðileg ritgerð sem skiptist í sex kafla þar sem fyrsti kafli er inngangur, annar kafli fjallar um hugtakið menning út frá mismunandi hliðum til að sýna fram á hvernig hún hefur áhrif á hvernig við mótum og túlkum eigin hegðun og hegðun annarra. Í þriðja kafla er fjallað um þróun fjölmennningarlegrar menntunar og ólíkar stefnur hennar. Með þeirri umfjöllun er varpað ljósi á hvers vegna fjölmennningarleg menntun er mikilvæg í nútímasamfélagi. Einnig er fjallað lítillega um hindranir sem hugsanlega hafa áhrif á hversu fjölmennningarleg menntun á erfitt uppráttar innan veggja skóla. Í fjórða kafla er fjallað um hvað kennarar og skólastjórnendur þurfa að hafa í huga við innleiðingu hugmyndafræði fjölmennningarlegrar menntunar í starfi skólans og þannig búa til árangursríkan skóla sem er fyrir alla. Í fimmta kafla er fjallað um Ísland og fjölmennningarlega menntun með tilliti til stefnumótunar stjórnvalda, íslenskra rannsókna og íslenskra skóla. Í sjötta og síðasta kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður verkefnisins og rannsóknarspurningunni svarað. Niðurstaða verkefnisins er að allir bakkir eru í raun fjölmennningarlegir þar sem nemendur koma frá ólíkum fjölskyldugerðum, hafa ólík áhugamál og mismunandi hæfni og námsgætu og að fjölmennningarleg menntun er fyrir alla því hún aðstoðar nemendur við að upplifa árangur í námi, þróa þekkingu, viðhorf og hæfni til að eiga jákvæð samskipti í fjölbreyttu samfélagi og til þess að taka virkan þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi.
Sonja M. Scott	Erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði: Stefna stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins gagnvart erlendu starfsfólki	2006	M.A. verkefni í viðskiptafræði og mannauðsstjórnun, HÍ Úrvalsritgerð	103 bls. Reykjavík	innflytjendur vinnumarkaður erlent vinnuafli	Þátttakendur: ASÍ, Efling, Samiðn, SA, SI, Vinnumálastofnun. Markmið: Að greina stefnu gagnvart erlendum starfsmömmun í fyrsta lagi hjá stjórnvöldum, í öðru lagi hjá samtökum launþega og í þriðja lagi hjá samtökum atvinnurekenda. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að enn sem komið er hefur engin

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
						formleg stefna verið mótuð á vinnumarkaðinum gagnvart erlendu starfsfólki. Óformleg stefna ríkisvalds gagnvart innflytjendum einkennist af alls fimm sjónarmiðum. Þar ber hæst alþjóðlegir samningar, atvinnusjónarmið og nátengd vermdarsjónarmið. Óformleg stefna samtaka launþega gagnvart erlendum starfsmönnum einkennist af þeim viðhorfum að hnatvæðingin hafi haft áhrif á vinnumarkaðinn, að æskilegt sé að verja sátt og stöðugleika á vinnumarkaðinum, að samtök launþega og þjóðfélagið beri ábyrgð gagnvart erlendu starfsfólki og að erlendir starfsmenn gegni hlutverki jaðarstarfsmanna. Óformleg stefna samtaka atvinnurekenda einkenist af sjónarmiðum um að stuðla að sveigjanleika í rekstri fyrirtækja, jafnræði í samkeppnisstöðu fyrirtækja og afstöðuleysi gagnvart velferðarmálum útlendinga
Sonja Rut Aðalsteinsdóttir	Viðhorf til innflytjenda	2008	B.A. verkefni í félagsfræði, HÍ	30 bls. Reykjavík	innflytjendur fordómar	
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	Treystum samstarfið, tölum saman: foreldrasamstarf við erlenda foreldra í leikskóla	2011	B.Ed. verkefni, Menntavísindasvið HÍ	44 bls. Reykjavík Heildartexti lokaður til júní 2012	nýbúar leikskólar	Hér er fjallað um foreldrasamstarf við erlenda foreldra í Leikskólanum í Stykkishólmi. Hvernig gengur í dag og hvernig hægt sé að bæta ofan á það foreldrasamstarf sem fyrir er í leikskólanum
Sólborg Jónsdóttir	Félagsliði í nýju landi: Árangursríkar aðferðir við kennslu og námsmat í félagsliðabréfi fyrir námsmenn með annað móðurmál en íslensku	2007	Grein	Reykjavík. Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og menntun, 1 (1), 41-44. Útg. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	nýbúar námsmat kennsluáðferðir hugarkort	
Sóley Gréta Sveinsdóttir Morthens	Tveggja heima tal: Konur frá Asíu á Íslandi	2006	M.A. verkefni í mannfræði, HÍ	119 bls. Reykjavík	konur mannfræði innflytjendur Ísland Asía erlent vinnuafli	
Sólveig H. Georgsdóttir	Meðganga í hjartanu: Íslenskir kjörforeldrar barna af erlendum uppruna	2007	M.A. verkefni í mannfræði, HÍ	115 bls. Reykjavík	ættleiðingar sjálfsmynd	
Sólveig H. Georgsdóttir, Hallfríður Þórarinsdóttir	Innan vallar eða utan? Rannsókn á skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti	2008	Rannsóknarskýrsla	74 bls. Reykjavík. Unnið í samstarfi við ÍR og Þjónustmiðstöð Breiðhólts	innflytjendur börn frístundir íþróttir samþætting	Að kanna umfang íþrótta- og tómstundabátttöku innflytjendabarna og viðhorf fjöskyldna

Höfundar	Titill	Ártal	Tegund Rannsóknarstofnun/Skóli	Umfang Útg. staður Hvar birt Vefslóð	Efnisorð	Útdráttur, Markmið, Niðurstöður
Sólveig Pálsdóttir	Menningarlegur margbreytileiki og hjúkrun	1998	B.S. verkefni í hjúkrun, HÍ	46 bls. Reykjavík	hjúkrun fjölmenning minnihlutahópar	
Stefanía Halldórsdóttir Wade	Meta Íslendingar innflytjendur eftir málfari þeirra?	2005	B.S. verkefni í sálfræði, HÍ	52 bls. Reykjavík.	nýbúar innflytjendur íslenska tungumálakunnátta	
Stefanía Óskarsdóttir	Þjóð í ólgusjó breytinga	2008	Grein	Reykjavík. Ritid, 7 (2-3), 29-32.	innflytjendur þjóðernisvitund fjölmenning Ísland	
Stefán Atli Thoroddsen	Fólksfækkun í Japan á 21. Öld: munu innflytjendur leysa vandann sem að japönsku þjóðinni steðjar?	2011	B.A. verkefni, Hugvísindasvið HÍ	28 bls. Reykjavík, http://skemman.is/stream/get/1946/7370/19729/1/F%C3%B3lksf%C3%A6kkun_%C3%AD_Japan_%C3%AD_21.%C3%B6ld.pdf	Japan fólksfækkun innflytjendur efnahagsmál	Íbúartala Japans mun lækka úr um 127 milljónum manna í dag niður í um 95 milljónir manna árið 2050, samkvæmt spám. Auk þess fara lífslíkur Japana hækkandi. Þessi tvö atriði skapa mikla hættu fyrir framtíð Japansks efnahags, sem hefur aldrei náð sér á strik síðan efnahagshrun átti sér stað í Japan í byrjun níunda áratugarins. Fjöldi fræðimanna bendir á að ef fjölgun yrði í komu innflytjenda til Japans, myndi vandamálið ekki vera jafn slæmt. Þrátt fyrir að í fjölda ára hafi verið sýnt fram á að íbúartala Japans muni fara niður á við, hafa Japönsk stjórnvöld ekki gert neitt til að leysa vandamálið og ekki er mikil von á því að afdrifaríkar ákvarðanir verði teknar á næstu árum miðað við þau málefnum sem hinn nýji valdaflokkur í Japan, Japanski lýðræðisflokkurinn leggur áherslu á í stefnuskrá sinni fyrir núverandi kjörtímabil. Hér á eftir verður fjallað um nauðsyn þess að fá innflytjendur inn í Japanskt samfélag, og einnig settar fram vangaveltur um hvort innflytjendur geti lifað í sátt og samlyndi við Japanskt samfélag. Niðurstaðan er sú að þörf sé á grundvallarbreytingu í hugsunarhætti Japana í garð innflytjenda ef innflytjendur eigi að geta lifað í sátt og samlyndi við innfædda.
